# FRÉTTABLAÐIÐ

166. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 15. JÚLÍ 2016


## Allt í einu í lagi að vera rasisti

**Sema Erla Serdar,** formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi, hefur setið undir grófu persónuníði vegna uppruna síns, en hún er hálfur Tyrki. Hún leitaði í fyrsta sinn til lögreglu á dögunum vegna þessa. Hún veit ekki hvernig stúlka fædd og uppalin hér á landi varð holdgervingur íslamstrúar á Íslandi. ➔10-11



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Tvöfalt hærri launahækkanir en á Norðurlöndum

**KJARAMÁL** „Ef við berum okkur saman við nágrannalöndin, þá er árshækkunin tvöfalt hærri, og afleiðingin er sú að við búum við viðvarandi talsvert hærra verðbólgustig en gengur og gerist þar,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um nýja skýrslu sem sýnir að laun hækkuðu um 6,7 prósent að jafnaði á ári frá 2006 til 2015.

Skýrslan sýnir að launaþróunin var hnífjöfn á tímabilinu; laun hækkuðu um 79,6 prósent á almennum vinnumarkaði, um 78,3 prósent hjá ríkinu og um 78,6 prósent hjá sveitarfélögum. Laun kvenna hækkuðu meira en karla.

„Þetta sýnir hversu miklar launahækkanir hafa verið og fást ekki staðist til lengra tíma litið, það hefur aldrei gert það í sögulegu samhengi hjá okkur fyrr og engin ástæða er til að ætla að það muni gerast núna heldur,“ segir hann.

Þorsteinn segir að það að launaþróunin hafi verið jöfn milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera ætti að stuðla að friði á vinnumarkaði fram á veginn. „Það er þá engin bráðnauðsynleg þörf fyrir einhverjar leiðréttingar innan hópa. Við erum með þennan grundvöll til að byggja á fyrir Salek-samkomulagið; að geta horft til launahækkana í takti við nágrannalöndin okkar sem ættu að geta stuðlað að mun lægri verðbólgu og lægra vaxtastigi en við höfum þurft að venjast.“

> Ef við berum okkur saman við nágrannalöndin, þá er árshækkunin tvöfalt hærri, og afleiðingin er sú að við búum við viðvarandi talsvert hærra verðbólgustig en gengur og gerist þar.

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



Þorsteinn segir gengisstyrkingu krónu, hagstæðari viðskiptakjör og annað hafa hjálpað okkur að takast á við þessar miklu launahækkanir undanfarin árin. „Verðbólga síðustu tvö ár hefur verið minni en átti að vera. Það ætti enn frekar að hjálpa okkur að koma þessum málum fyrir þannig að við getum með sama hætti og nágrannalönd okkar búið yfir öflugri kaupmáttaraukningu, en á grundvelli lægri nafnlaunahækkana og lægri verðbólgu á ári en við höfum þurft að venjast,“ segir Þorsteinn Víglundsson. **– sg**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um ítalskt salat og svartþorsk. 13

**SPORT** Ísland hefur tekið fram úr 109 þjóðum á heimslistanum á undanförnum fjórum árum. 16

**TÍMAMÓT** Spjallað um gildi skriflegrar tjáningar fyrir hinsegin fólk á hinsegin bókaspjalli. 14

**LÍFIÐ** Pitsustaðurinn Ugly verður opnaður í Bandaríkjunum og framleiðir blómkálsbotna. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● ÞJÓÐHÁTÍÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

## Veður




Austan 8-15 m/s og rigning í dag, hvassast syðst, en úrkomulítið fyrir norðan og vestan. Dregur úr vindi og úrkomu um kvöldið, en áfram strekkingur og rigning austanlands. Hiti 9 til 18 stig, hlýjast á Vesturlandi. SJÁ SÍÐU 16

# Tugir látnir í Frakklandi

**FRAKKLAND** Talið er að minnst þrjátíu hafi látist og um hundrað slasast þegar vöruflutningabíll keyrði inn í hóp fólks sem var á heimleið eftir flugeldasýningu á Bastilludeginum, þjóðhátíðardegi Frakka, í gærkvöldi.

Fréttaritari AFP sagðist hafa séð hvítan vöruflutningabíl keyra á miklum hraða inn í mannmergðina. Sjónarvottar greindu frá skotbardaga milli lögreglu og þeirra sem voru í bílnum. Bílstjórinn lést í skotbardaganum.

Christian Estrosi, borgarstjóri í Nice, greindi frá því á Twitter í gærkvöldi að tugir hefðu látist. Hann hvatti íbúa borgarinnar til að halda sig heima. – **ih**

**30**

eru látnir hið minnsta og hundrað slasaðir.

# Franski ferðamaðurinn fannst látinn

**SLYS** Franski ferðamaðurinn sem leitað var að í Sveinsgili fannst látinn.

Maðurinn var á göngu ásamt samlanda sínum um Fjallabak nyrðra. Þeir voru í dagsferð og höfðu lagt af stað frá Landmannalaugum. Maðurinn rann af snjóbrú og út í á sem rann undir hjarnið.

Björgunarsveitir unnu mikið þrekvirki við leit á manninum enda aðstæður afar erfiðar. Í fyrrakvöld var loks hægt að staðsetja manninn og fljótlega eftir það var hægt að ná í líkið sem var skorðað undir snjóhengjunni.

Maðurinn var fæddur árið 1989 og því 27 ára á þessu ári. – **ebg**

## Hátíð í bæ



Mikið fjör var í miðborg Reykjavíkur í gær þegar Jafningjafræðslan og listahópar Hins hússins stóðu fyrir sumarhátíð. Unga fólkið uppskar mikla gleði meðal almennings eins og má sjá á svip þessa ferðamanns sem hér bregður á leik með einum af listamönnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Rannsaka áhrif íslensks fæðubótarefnis

**VÍSINDI** Rannsóknarhópur Genís undir handleiðslu Lilju Kjalarsdóttur ætlar að rannsaka áhrif íslensks fæðubótarefnis, Benecta Sport. Efnið er kítínfásykru fæðubótarefni sem einangrað er úr rækjuskel og hefur það verið í þróun á Íslandi síðastliðin tíu ár.

Genís segir rannsóknir sínar benda til þess að efnið geti aukið þrek en markmiðið er að mæla áhrif notkunarinnar á bætta súrefnisupptöku í sex vikur með æfingum.

Þátttakendur munu taka tvö hylki á dag stuttu fyrir æfingu, þrisvar í viku, án þess að vita hvort þeir séu að taka Benecta Sport eða lyfleysu. Í lok rannsóknar verða framkvæmd þrekpróf þar sem súrefnisupptaka og mjólkursýra er mæld. – **þea**

**»** Rannsóknir benda til að efnið geti aukið þrek.

# Ferðamenn með minna á milli handanna nú

**Aukning taxfree-veltu er ekki í takt við fjölgun ferðamanna hér á landi. Sterkara gengi og hækkun fasts kostnaðar, eins og ferðakostnaðar innanlands og gistingar, kemur niður á verslun. Einsleitni markaðarins er farin að segja til sín.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Taxfree-velta ferðamanna hefur aukist um þrjú prósent á árinu miðað við sama tímabil í fyrra, að sögn Helga Jónssonar, framkvæmdastjóra Global Blue á Íslandi. Fyrirtækið endurgreiðir virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hér á landi. Til þess að fá endurgreiðslu þurfa ferðamenn að hafa verslað fyrir að minnsta kosti sex þúsund krónur.

„Aukning taxfree-veltunnar er töluvert undir þeirri aukningu sem hefur verið í komu ferðamanna til landsins. Helstu ástæðurnar eru þær að gengi krónunnar hefur verið að styrkjast gagnvart helstu gjaldmiðlum sem hefur bein áhrif á kauphegðun ferðamanna. Auk þess hefur fastur kostnaður ferðamanna verið að hækka, til dæmis ferðakostnaður til og frá landinu, ferðakostnaður innanlands, gisting, matur og afþreying. Allt kemur þetta niður á verslun ferðamanna sem þannig hafa minna á milli handanna," tekur framkvæmdastjórinn fram.

Að sögn Helga hafa Bandaríkjamenn í gegnum árin alltaf skipað sér í eitt af þremur efstu sætum þeirra þjóða sem versla mest. „Verslun Kanadamanna hefur aukist gríðarlega það sem af er ári. Við sjáum hins vegar minnkun á meðal Norðmanna, Rússa og á meðal Breta eftir Brexit þrátt fyrir aukinn fjölda ferðamanna frá þessum stöðum. Nú þegar eru farin að sjást merki þess að breska pundið hefur lækkað um 12,5 prósent á síðustu tveimur vikum."

Helgi getur þess að meðalfærslur Rússa séu 34.500 krónur þrátt fyrir fallandi gengi rúblunnar. „Það má þess vegna leiða líkur að því að þeir Rússar sem sækja landið heim séu efnaðir."

Spurður um hvað ferðamenn kaupi helst segir hann skiptinguna misjafna. „Þótt íslenska ullin, útivistarfatnaður og íslenskt handverk skipi stóran sess þá er það nú svo að ferðamenn sækjast líka eftir merkjavöru, íslensku skarti og úrum ásamt bókum enda mikil gróska á öllum þessum sviðum. En það má búast við að einsleitni markaðarins sé farin að segja til sín með öllum þeim fjölda verslana sem hafa verið opnaðar að undanförnu. Stór hluti þeirra verslana sem hafa verið opnaðar í miðbænum á undanförnum misserum er minjagripaverslanir og það stuðlar að einsleitninni." **ibs@frettabladid.is**



Stór hluti þeirra verslana sem hafa verið opnaðar í miðbænum á undanförnum misserum er minjagripaverslanir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Meðalfærsla þeirra þjóða sem eyða mest

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. Bandaríkin 18.800 kr. | 3. Kína 30.000 kr. | 5. Danmörk 19.700 kr. | 7. Þýskaland 19.800 kr. | 9. Svíþjóð 19.100 kr. |
| 2. Bretland 18.900 kr. | 4. Noregur 19.700 kr. | 6. Kanada 17.800 kr. | 8. Frakkland 17.700 kr. | 10. Tævan 20.400 kr. |

AFMÆLISTILBOÐ 50 ára
LANDMANN gasgrill 3ja brennara
www.grillbudin.is



Niðurfellanleg hliðarborð
AFMÆLISTILBOÐ
47.900
• Afl 10,5 KW
• 3 brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Postulínsemaleraðar grillgrindur
• Niðurfellanleg hliðarborð
• Kveiking í öllum tökkum
• Hitamælir í loki
• Postulínsemalerað efri grind
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
Nr. 12220
LANDMANN 50 ÁRA
Grillbúðin
Smiðjuvegi 2, Kópavogi - (við hliðina á Bónus) - Sími 554 0400

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 7.190.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM75250

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Nákvæmar mælingar á öskjusigi Bárðarbungu einstakar

**ELDGOS** Aldrei í sögunni hefur vísindamönnum tekist að fylgjast jafn vel með öskjusigi eins og í Bárðarbungu fyrir tveimur árum. Íslenskir vísindamenn eru aðalhöfundar greinar í tímaritinu Science þar sem ítarlega er fjallað um atburðinn sem orsakaði Holuhraunsgosið, stærsta eldgos hérlendis frá Skaftáreldum.

„Öskjusig fylgja öllum stærstu gosum sem verða. Á síðustu hundrað árum hafa orðið sjö öskjusig í heiminum og þetta er það fyrsta sem tókst að mæla mjög nákvæmlega alveg frá upphafi og til enda,“ segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði.

Samtals eru 48 vísindamenn frá fjórtán stofnunum í níu löndum skrifaðir fyrir greininni.

„Náið samstarf Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands er lykillinn að þessu, en jafnmikilvægir eru okkar góðu erlendu samstarfsaðilar,“ segir Magnús Tumi, sem er fyrsti höfundurinn. **– kmu, ih**

> **Á síðustu hundrað árum hafa orðið sjö öskjusig í heiminum og þetta er það fyrsta sem tókst að mæla mjög nákvæmlega alveg frá upphafi og til enda.**
>
> Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði.



**Sigið varð mest 65 metrar í miðju öskjunnar.** MYND/AUÐUNN



**Fangarnir fá sérmeðferð til að tryggja öryggi fangavarða.** NORDICPHOTOS/AFP

## Fangar kvarta undan mismunun

**DANMÖRK** Að minnsta kosti 32 fangar sem eru í genginu Loyal To Familia hafa sent umboðsmanni danska þingsins bréf og kvartað undan meðferðinni sem þeir fá í dönskum fangelsum.

Danska ríkisútvarpið hefur það eftir lögmanni fanganna að þeim finnist fangaverðir koma verr fram við þá en félaga í öðrum gengjum, eins og til dæmis Hells Angels og Bandidos.

Félagar í Loyal To Familia hafa verið fluttir milli fangelsa og einangraðir. Formaður félags fangavarða viðurkennir að fangarnir fái sérmeðferð. Það sé til að tryggja öryggi fangavarða sem orðið hafi fyrir árásum. **– ibs**

## Reyndi að múta kennara sínum

**SVÍÞJÓÐ** Nemi í námsflokkum á Skáni í Svíþjóð bauð í tölvupósti kennara 15 þúsund sænskar krónur, eða um 225 þúsund íslenskar krónur. Í staðinn vildi nemandinn fá vilyrði fyrir því að hann næði prófi. Kennarinn þáði ekki mútrnar og kærði námsmanninn til lögreglu.

Deild á vegum ríkisins sem fer með spillingarmál hefur sektað manninn um 19.500 sænskar krónur en það samsvarar um 290 þúsundum íslenskra króna. Neiti námsmaðurinn að greiða fer málið fyrir dómstól, að því er kemur fram í sænskum fjölmiðlum. **– ibs**

# Fullyrðingar um ofbeit út í hött

**Formaður Bændasamtakanna segir áhyggjur formanns Félags sauðfjárbænda á Vestfjörðum um ofbeit út í hött. Í samningunum sé kveðið á um sjálfbæra landnýtingu og rannsókn á gróðurauðlindum. Hann segir ekki hægt að segja bændur á sumum svæðum lenda verr í samningunum en á öðrum.**

**LANDBÚNAÐUR** Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir þá fullyrðingu ekki standast að með nýjum búvörusamningum myndi framleiðsla aukast á svæðum sem mættu ekki við aukningunni og leiða til þess að gengið yrði á landgæði. Jóhann Pétur Ágústsson, formaður Félags sauðfjárbænda á Vestfjörðum, lýsti yfir áhyggjum sínum af ofbeit vegna nýrra samninga í frétt Fréttablaðsins í gær.

„Þarna er hann að spá fyrir um að framleiðsla muni aukast á einhverjum ákveðnum svæðum. Það er ekki gott að segja til um það hvernig framleiðslan mun þróast. Hins vegar er hann að halda því fram að samningurinn leiði til þess að ofbeit verði á einhverjum svæðum. Það er algjörlega út í hött,“ segir Sindri.

Þá segir hann sérstaklega kveðið á um í samningunum að ná utan um beitarmálin. Það eigi að ráðast í sérstakt rannsóknarverkefni til að ná utan um mat á gróðurauðlindum. „Það þýðir að við ætlum með þessum samningi að tryggja enn og betri landnýtingu og að hún sé sjálfbær alls staðar á landinu,“ segir Sindri.

„Það er ekki þannig að menn gætu fjölgað alls staðar á svæðum þar sem er minni beit. Það mun ekki standast þennan samning. Þetta er út í hött,“ segir Sindri og bætir því við að eitt markmiða samningsins sé að tryggja sjálfbæra landnýtingu og fjármunir verði lagðir í að tryggja að hún verði sem best.

Jóhann Pétur lýsti áhyggjum sínum af því að samningarnir kæmu illa við sauðfjárbændur á Vestfjörðum. Sagði hann samninga jaðarfjandsamlega. Sauðfjárbændur samþykktu samningana í atkvæðagreiðslu í mars en sagðist hann telja að nánast enginn á Vestfjörðum hefði greitt atkvæði með þeim.



**Sauðfé í réttum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það er ekki þannig að menn gætu fjölgað alls staðar á svæðum þar sem er minni beit. Það mun ekki standast þennan samning. Þetta er út í hött.**
>
> Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtakanna



### Næst ekki í fjármálaráðherra

Fréttastofa hefur reynt ítrekað undanfarna daga að ná tali af Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra. Ekki hefur þó náðst í fjármálaráðherrann enn.

Sindri segir ekki hægt að vísa til þess að ákveðin svæði lendi verr í þessu en önnur. Málið snúist um svokallað ásetningshlutfall, hlutfallið á milli ærgilda og fjölda fjár á fóðrum yfir veturinn. „Samningurinn kemur misjafnlega við bændur eftir því hvert þeirra ásetningshlutfall er. Það er mismunandi eftir svæðum og innan svæða,“ segir Sindri og bætir því við að einhverjir bændur á Vestfjörðum gætu komið vel út úr samningum á meðan aðrir kæmu verr út úr þeim.

Þá segir hann samninga kveða á um að Byggðastofnun eigi að útfæra svæðisbundinn stuðning. Þó sé ekki ljóst hvernig útfærsla Byggðastofnunar verði. **thorgnyr@frettabladid.is**




# Ítalía á barmi bankakreppu

**ÍTALÍA** Ítalska bankakerfið er að hruni komið sökum lána sem ólíklegt er að verði nokkurn tímann endurgreidd að fullu. Það sem af er ári hafa hlutabréf í stærstu bönkum landsins lækkað um allt að sjötíu prósent. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, telur þó að lausn muni finnast á málinu.

Lán í vanskilum í ítalska bankageiranum nema nú 360 milljörðum evra, jafnvirði 49.000 milljarða íslenskra króna, og eru um sautján prósent af heildarbankalánum á Ítalíu. Upphæðin nemur fimmtungi af vergri árlegri landsframleiðslu Ítalíu.

Business Insider greinir frá því að lélegu lánin hafi margfaldast frá byrjun fjármálakreppunnar árið 2008, auk þess sem ítalska hagkerfið sé ennþá átta prósentum minna en fyrir kreppuna. Hlutabréf í ítölskum bönkum hafa hríðfallið á árinu. Í gær höfðu hlutabréf í Banco Popolare lækkað um 51 prósent það sem af er ári, hlutabréf í Unicredit um 21 prósent og bréf í Banca Monte dei Paschi di Siena um 71 prósent.

Greiningaraðilar óttast smitáhrif til annarra evrópskra banka, og að mögulega sé önnur fjármálakreppa í aðsiglingu. Leiðtogar Evrópuríkja sem funduðu í vikunni telja þó að lausn muni finnast í málinu. **– sg**



**Angela Merkel telur að samtal milli Rómar og Brussel muni leiða til góðrar lausnar á bankakrísunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



SKÓLATÖSKU DAGAR
15.-22. JÚLÍ
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM
JEVA Beckmann og PULSE í miklu úrvali
Verðdæmi 14.925 fullt verð 19.899
Verðdæmi 14.925 fullt verð 19.899
black
Verðdæmi 14.925 fullt verð 19.899
Verðdæmi 12.674 fullt verð 16.899
Verðdæmi 2.699 fullt verð 3.599
Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla






## Framkvæmdir við Hverfisgötu



Það er eyðilegt húsið við Hverfisgötu sem erlendu ferðamennirnir gengu burt frá í gær. Þó má enn sjá málverk á einni hæð hússins. Miklar framkvæmdir hafa verið á Hverfisgötunni síðustu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Val á utanríkisráðherra vekur hörð viðbrögð

**Evrópskir ráðamenn furða sig á því að Boris Johnson verði utanríkisráðherra Bretlands. Utanríkisráðherra Þýskalands segir þetta fyrir neðan allar hellur og utanríkisráðherra Frakklands segir að erfitt verði að treysta honum vegna lyga.**

**BRETLAND** Theresa May, nýr forsætisráðherra, beið ekki lengi með að stokka upp í ríkisstjórninni. Hún losaði sig við alla lykilráðherra fyrri stjórnar en fékk til liðs við sig nokkra helstu forsprakka útgöngusinna.

Mesta furðu hefur skipan Boris Johnson í embætti utanríkisráðherra vakið. Hann er sá stjórnmálamaður breskur sem átti líklega einna stærstan þátt í því að tryggja sigur útgöngusinna í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Evrópskir ráðamenn hafa ekki vandað honum kveðjurnar og fyrstu spurningarnar til hans frá breskum fjölmiðlamönnum snúast um það, hvort hann þurfi ekki að byrja á að biðjast afsökunar á að hafa móðgað leiðtoga víða um heim. Til dæmis Barack Obama Bandaríkjaforseta, Vladimír Pútín Rússlandsforseta og Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands.

„Ég vildi að þetta væri brandari, en ég óttast að svo sé ekki,“ skrifaði Carl Bildt, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar, á Twitter-síðu sína þegar tilkynnt var að Johnson yrði utanríkisráðherra.



**Boris Johnson er umdeildur stjórnmálamaður og nýr utanríkisráðherra Bretlands.** NORDICPHOTOS/AFP

„Satt að segja finnst mér þetta fyrir neðan allar hellur. Þetta er ekki bara sársaukafullt fyrir Bretland, þetta er sársaukafullt fyrir Evrópusambandið,“ sagði Frank-Walter Steinmeier, utanríkisráðherra Þýskalands.

Og Jean-Marc Ayrault, utanríkisráðherra Frakklands, er ekki sáttur: „Í kosningabaráttunni laug hann ítrekað að bresku þjóðinni, og nú er það hann sem öll spjót standa á,“ sagði hann. „Ég þarf að geta samið við einhvern sem talar skýrt og er bæði trúverðugur og áreiðanlegur.“

> **Ég vildi að þetta væri brandari, en ég óttast að svo sé ekki.**
>
> Carl Bildt, fyrrverandi forsætisráðherra Svíþjóðar

Philipp Hammond, sem var utanríkisráðherra í stjórn Camerons, verður fjármálaráðherra nýju stjórnarinnar.

Hann sagði í gær ljóst að við útgöngu úr ESB myndi Bretland missa aðgang sinn að sameiginlegum markaði aðildarríkjanna. Semja þurfi um viðskiptaaðgang upp á nýtt: „Ég vil sjá okkur semja um aðgang að innri markaðnum fyrir bresk fyrirtæki, svo við getum haldið áfram að selja vörur okkar og þjónustu inn á markað Evrópusambandsins og haldið áfram að njóta þess að fá vörur og þjónustu frá Evrópusambandinu hingað, eins og verið hefur.“ **– gb**


Í dag renna 5 kr. af hverjum lítra til Slysavarnafélagsins Landsbjargar
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Ísland er einn fallegasti staður veraldar en sýnir okkur reglulega að engin er rós án þyrna. Náttúran er hrikaleg og grimm og undanfarið hefur mætt óvenju mikið á björgunarsveitafólki, mönnum og konum á öllum aldri sem vinna þrekvirki hvað eftir annað við erfiðustu aðstæður. Hjálpum þeim að hjálpa okkur og dælum til góðs fyrir Slysavarnafélagið Landsbjörg hjá Olís eða ÓB.
Vinur við veginn
olís
PIPAR\TBWA • SÍA • 163496

# Ástand heimsins







**1.** Þátttakandi í nautahlaupinu í Pamplóna á Spáni dettur með nautin á hælunum. Sex nautum er sleppt á hverju kvöldi, á meðan hátíð San Fermín stendur yfir eftir braut sem liggur eftir þröngum götum borgarinnar.
NORDICPHOTOS/AFP

**2.** Franskir skriðdrekar voru meðal þess sem voru til sýnis á hersýningu í París í gær á Bastilludeginum, þjóðhátíðardegi Frakka. Yfir þrjú þúsund hermenn marseruðu eftir Champs Elysées, til að minnast upphafs frönsku byltingarinnar árið 1789.
NORDICPHOTOS/AFP

**3.** Mótmælendur bölva Róbert Múgabe, forseta Simbabve, í borginni Pretoríu í nágrannaríkinu Suður-Afríku. Leiðtogi mótmælanna gegn Múgabe, presturinn Evan Mawarire, hefur hvatt til allsherjarverkfalls í Simbabve til að mótmæla setu forsetans á valdastóli.
NORDICPHOTOS/AFP

**4.** Chris Froome, fyrsti maður í Frakklandshjólreiðunum Tour de France, hljóp af stað eftir að hjól hans eyðilagðist í árekstri við mótorhjól, innan við kílómetra frá endalínunni, við lok dagleiðarinnar í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

**5.** Ungur Kasmíri bíður eftir aðhlynningu eftir að hafa verið skotinn af indverskum öryggissveitum með loftbyssu. Spítalar í Kasmír-héraðinu eru yfirfullir af slösuðu fólki eftir átök lögreglu og mótmælenda í kjölfar þess að uppreisnarleiðtoginn Burhan Muzaffar Wani lést í átökum við lögreglu.
NORDICPHOTOS/AFP

**6.** Rússneski ævintýramaðurinn Fedor Konyukhov tók á loft við Perth í Ástralíu á mánudag en hann reynir nú að slá heimsmet í hröðustu hringferð um jörðina í loftbelg. Metið á Bandaríkjamaðurinn Steve Fossett sem lauk hringferðinni á þrettán dögum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA












## Breytingar á trú- og lífsskoðunarfélagsaðild árin 2014 og 2016




**Apríl – júní 2016:** 1.219 skráningar **Apríl – júní 2014:** 752 skráningar

# Fækkar um tæplega 400 í þjóðkirkjunni

**Á síðustu þremur mánuðum hafa 200 skráð sig í þjóðkirkjuna en 564 úr henni. Fækkað hefur um 364 á tímabilinu. Fleiri skrá sig í önnur trúar- og lífsskoðunarfélög en úr þeim. Þróunin hefur verið svipuð ef borið er saman við síðustu ár.**

**TRÚMÁL** Alls gengu 364 fleiri úr þjóðkirkjunni en í hana á síðustu þremur mánuðum. Aftur á móti gengu 87 fleiri í fríkirkjurnar en úr þeim og 264 fleiri í önnur trúfélög en úr þeim á tímabilinu.

Þetta kemur fram í yfirliti Þjóðskrár Íslands sem tekur ársfjórðungslega saman tölur um breytingar á skráningum einstaklinga í þjóðskrá úr einu trú- og/eða lífsskoðunarfélagi í annað.

Á síðustu árum hefur mynstrið verið það sama. Fleiri hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni en í hana og fleiri hafa skráð sig í önnur trú- og lífsskoðunarfélög en úr þeim. Á þessu sama tímabili árið 2013 gengu 325 fleiri úr þjóðkirkjunni en í hana. Árið 2014 var mismunurinn 410 og árið 2015 var hann 440. Því má segja að fækkun í þjóðkirkjunni sé í rénun ef litið er til þessara tímabila.

> **43**
> **trúar- og lífsskoðunarfélög eru skráð á Íslandi.**

Þess má geta að ef foreldrar nýfædds barns eru í sama trú- eða lífsskoðunarfélagi skráist barnið sjálfkrafa í það trúfélag og er sú skráning ekki inni í þessum tölum þar sem hún telst ekki til breytinga. Ef foreldrar eru aftur á móti ekki í sama félagi telst skráning barnsins til breytinga þegar það er skráð í Þjóðskrá. Erlendir ríkisborgarar sem skráðir eru í Þjóðskrá teljast til nýskráninga.

erlabjorg@frettabladid.is



**Ásatrúarfélagið er eitt af skráðum trúfélögum á Íslandi en fleiri hafa skráð sig í minni trúfélögin síðustu ár en úr þeim.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

FÖSTUDAGSVIÐTAL



Sema Erla segir áreitið í sinn garð komið langt út fyrir öll velsæmismörk. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Maður á ekki að þurfa að venjast þessu

**Sema Erla Serdar, formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi, segir suma fjölmiðla og stjórnmálamenn ala á ótta í garð minnihlutahópa hér á landi. Hún nefnir Útvarp Sögu og Ásmund Friðriksson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, sem dæmi í því sambandi.**

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is



Fordómar breytast í hatur. Ótti breytist oft í ofbeldi eða annað verra. Þetta leiðir til ójafnaðar og mismununar. Það viljum við ekki og þess vegna verðum við að hafna þessum sundrungaröflum," segir Sema Erla Serdar, formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Sema hefur verið talsvert í umræðunni undanfarið þegar athygli var vakin á afar ógeðfelldum ummælum sem skrifuð voru í athugasemd undir frétt um Semu og það ekki í fyrsta sinn. Konan sem skráð var fyrir athugasemdinni, þar sem þess var óskað að Sema myndi deyja í hryðjuverkaárás, er leikskólakennari í Vestmannaeyjum, en hún sagðist ekki standa fyrir skrifunum. Síðar kom í ljós að sambýlismaður hennar hafði ritað ummælin. Athugasemdir sem þessar, einkaskilaboð og símtöl eru daglegt brauð hjá Semu.

Hún er fædd og uppalin á Íslandi, móðir hennar íslensk og faðirinn frá Tyrklandi. Sema segist ekki alltaf hafa upplifað fordóma. „Ég er fædd inn í þjóðkirkjuna eins og allir Íslendingar, skírð og fermd. En það er nafnið; Sema er tyrkneskt nafn þannig að það kannski býður upp á þetta, ég veit það ekki," segir Sema og bætir við að hún hafi reyndar síðar skráð sig úr þjóðkirkjunni.

Hatur í hennar garð hafi hafist þegar hún fór að taka þátt í opinberri umræðu, stjórnmálum og samfélagsrýni.

### Verður verra og verra

„Ég sá aldrei fyrir að þetta myndi ganga svona langt. Þetta hefur stigmagnast og orðið verra og verra. Það er alveg sama hvort það er eitthvað sem ég segi eða skrifa og verið er að fjalla um í fréttum; það getur tengst Samfylkingunni, Tyrklandi eða innflytjendamálum, þá er mér strax blandað inn í umræðuna. Oft án þess að ég hafi nokkuð með hana að gera. Um daginn urðu óeirðir í Þýskalandi og þá skrifaði einn athugasemd undir fréttina: Þetta er það sem Sema vill bjóða upp á hér á landi."

Fyrst fór Sema að veita hatursfullum ummælum um sig á kommentakerfum athygli.

„Svo fóru að koma tölvupóstar, einkaskilaboð á Facebook og þetta er orðið þannig að fólk er að hringja. Því finnst í lagi klukkan hálf tíu á þriðjudagskvöldi að hringja til þess að segja mér hvað allir múslimar séu hræðilegir. Endar á því að öskra á mann og skella á," útskýrir Sema. „Þetta er erfið barátta og mun vera löng en mikilvæg."

Hún segir fólkið sem hringi yfirleitt vilja úthúða henni. Sumir hafi þó bara spurningar. Sema hefur tekið upp á því að birta á Facebooksíðu sinni hatursfull ummæli fólks í sinn garð. Oft fær hún hringingar frá fólki sem vill að hún taki ummælin út. Sema hefur sagst ætla að verða við því þegar fólk biðst afsökunar á ummælunum. „En það gerist eiginlega aldrei. Fólk kennir frekar öðrum um að hafa skrifað þau."

### Hryðjuverkamaður

Sema segist löngu hætt að svara ummælum sem um hana falla í kommentakerfum miðlanna. „Ég lærði fljótt að það er ekki hægt," segir hún.

„Ég nota bloggið til að svara þessum fullyrðingum sem eru settar fram. Ég hef safnað saman þessum hræðilegu athugasemdum og birt. Það geri ég undir þeim formerkjum að hér sé um hrikalegt persónuníð að ræða. Það er verið að setja út á uppruna minn, ég er sökuð um alls konar hluti. Ég er hryðjuverkamaður og skoðanakúgari, þöggunarkommúnisti og gyðingahatari. Allt vegna þess að pabbi minn er Tyrki. Ég hef birt þetta reglulega. Það virðist vera eina vopnið sem maður hefur til þess að skila skömminni. Svona athugasemdir segja ekki neitt um mig, þær segja allt um þann sem setur þetta fram. Maður gerir þetta í þeirri von að einhver sem sér þessi komment sé vinur eða fjölskyldumeðlimur sem getur talað við þetta fólk og sagt því að þetta sé ekki í lagi."

### Leitar til lögreglu

Sema stóð í þeirri trú þegar hún byrjaði að birta athugasemdir fólks að áreitið myndi minnka en sú hefur ekki verið raunin.

„Ég hef í langan tíma setið undir þessu. Ekki bara ég, heldur fjölskylda mín, vinir og aðrir nákomnir. Það er ekki gaman fyrir mömmu að sitja undir þessu – að það sé einhver að óska barninu hennar dauða í hryðjuverkaárás. Þetta er viðbjóður."

Í vikunni ákvað hún að láta lögreglu vita þegar hún fékk sérstaklega grófa athugasemd undir nafni leikskólakennarans í Vestmannaeyjum: Vona að Sema Erla Serðir farist í næstu hryðjuverkaárás skítmenna af hennar tagi (múslimaskítmenna).

> **Þú tekur ekki svona hóp af fólki og alhæfir með þessum hætti.**

„Það hefur einu sinni á Íslandi fallið dómur í svona máli. Ég veit til þess að ítrekað hafa verið lagðar fram kærur en ekkert gerst í þessum málum. En nú hefur verið stofnað sérstakt embætti um hatursglæpi hjá lögreglunni, þannig að ég vona að það komi eitthvað út úr þessu. Það mun koma í ljós í haust og ef dómar falla höfum við allavega nýlegt fordæmi. Það mun gera mikið fyrir þessa baráttu gegn hatursorðræðu á netinu og fordómum."

Sema segir þó að ekki megi gleyma þeim mikla stuðningi sem hún fær líka. „Ég fæ líka hringingar og skilaboð frá fólki sem stendur með mér. Segir að mín barátta hjálpi þeim. Þá verður þetta þess virði."

### Þögnin verst

*En hvar liggja mörkin? Hvað má segja og hvað ekki?*

„Auðvitað er þetta erfitt að eiga við og viðkvæmt. Það er tjáningarfrelsi en þú getur ekki verið með morðhótanir. Það er bannað með lögum að mismuna fólki vegna uppruna, trúar eða annarra þátta sem einkenna líf þess. Auðvitað á fólk að geta leitað réttar síns í slíkum málum. Líka vegna þess að við eigum að geta fengið að tjá okkur óáreitt, en þessar athugasemdir og þetta áreiti í minn garð er komið út fyrir allt sem telst eðlilegt. Þetta er orðið hræðilegt. Við vitum hverjar afleiðingarnar af þessu verða. Við vitum hvað er að gerast í Evrópu og úti í heimi. Gullna reglan í öllu þessu er sú að þú skrifar ekkert á internetið sem þú getur ekki sagt við fólk þegar það stendur fyrir framan þig. Ég hugsaði með mér, þegar mér var óskað dauða í hryðjuverkaárás, að ég þyrfti að gera eitthvað í málinu. Áður en þetta fer allt gjörsamlega úr böndunum. Maður á ekki að þurfa að venjast þessu."

Sema hefur ekki viljað svara skilaboðum og segir þögnina ögrandi fyrir netníðingana.

„Þau verða vitlaus á því að ég svari þeim ekki. Þau vilja draga mig inn í þetta. Þessir sömu einstaklingar og eru að níðast á mér á netinu adda mér sem vini á Facebook. Hvernig dettur þeim í hug að ég fari að gefa þeim aðgang að mínu persónulega svæði? Þau vilja komast þangað því þau eru að ærast á þögninni."

### Tikkar í öll boxin

*En, af hverju er formaður Samfylkingarinnar í Kópavogi orðinn holdgervingur íslamska ríkisins á Íslandi?*

„Þetta er mjög góð spurning," segir Sema og hlær. „Ég bara veit það ekki."

Breski fjölmiðillinn The Guardian fór nýlega yfir kommentakerfin hjá sér í þeim tilgangi að greina hatursumræðu, sem hefur líka verið mikið fjallað um í Bretlandi.

„Þeirra niðurstöður í þessu eru þær að í fyrsta lagi þá verða konur mest fyrir hatursorðræðu. Þeir karlar sem urðu mest fyrir hatursorðræðu voru litaðir eða samkynhneigðir. Þeir sem urðu minnst

# FÖSTUDAGSVIÐTAL

> Sjálf fylgi ég ekki neinni trú, ekki frekar en neinn í minni fjölskyldu hér heima eða úti.

fyrir hatursorðræðu voru karlar, en í flestum tilvikum voru það karlmenn sem settu fram hatursfull ummæli.

Þau sýndu líka fram á að það voru ákveðin málefni þar sem þetta verður til. Það voru málefni flóttamanna, femínismi og Ísrael-Palestínudeilan. Þegar var verið að ræða þessi mál þá var hatursorðræðan sem mest. Ef við reynum að heimfæra þetta hingað þá er ég ung kona af erlendum uppruna að hluta til, og er mikið að fjalla um þessi mál. Maður er að tikka í öll boxin hjá þessum fordómafullu netníðingum. Þetta er stórt og mikið vandamál og mikilvægt að það komi fram, hatursorðræða á internetinu, fordómar og vaxandi þjóðernishyggja er eitt af stóru vandamálum samtímans. Það hefur verið svo auðvelt fyrir fordómafulla einstaklinga að nota internetið til þess að níðast á fólki. Það er kannski það sem er stóra breytingin í þessu máli. Internetið er svo auðvelt verkfæri til þess að níðast á fólki. Einelti á netinu tekur á sig margar myndir.“

Hún segir mikinn meirihluta þeirra sem láta hatursfull ummæli falla um hana vera fólk sem er komið af léttasta skeiði. „Þetta er örugglega 97 prósent eldra fólk.“

### Fylgir engri trú

Sema er alveg jafn stolt af því að vera Tyrki og Íslendingur. „Ég hef alltaf talið það forréttindi að tilheyra tveimur menningarheimum, enda held ég að það hafi gert mig að þeirri manneskju sem ég er í dag. Sjálf fylgi ég ekki neinni trú, ekki frekar en neinn í minni fjölskyldu hér heima eða úti.“

Sema segir baráttuna ekki snúast um sig. „Þetta snýst um mannréttindi og réttlæti. Þetta snýst um alla hina. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fólk getur ekki tekið þessa baráttu sjálft, til dæmis tungumálaörðugleikar. Samkvæmt síðustu rannsókn sem var gerð 2014, kom fram að meira en 70 prósent innflytjenda á Íslandi hafa fundið fyrir fordómum. Þessir fordómar birtast víða, í skólanum, vinnunni, verri þjónustu eða afgreiðslu í verslun. Síðan springur allt út á netinu.“

*En af hverju stafar þessi ótti gagnvart minnihlutahópum?*

„Ég held það sé fyrst og fremst vanþekking og skortur á upplýsingum. Það er eðlilegt að sumu leyti að óttast eitthvað sem maður þekkir ekki. Rannsóknir hafa sýnt að andúð í garð innflytjenda er mest þar sem eru hvað fæstir innflytjendur. Það er eðlilegt. Við óttumst öll eitthvað og sérstaklega það sem við þekkjum ekki. En við þurfum að velta fyrir okkur hvar ábyrgðin liggur. Einhvers staðar verður þessi ótti til. Þú vaknar ekki einn daginn og ákveður að hata alla múslima af því þeir eru hryðjuverkamenn. Það er margt sem spilar inn í. Þó að við berum öll ábyrgð að einhverju leyti þá bera stjórnmálamenn og fjölmiðlar mikla ábyrgð. Þeir hafa margir hverjir ekki axlað þessa ábyrgð. Til dæmis um daginn var verið að hvetja fyrirtæki til að sniðganga Útvarp Sögu vegna einhvers sem þar fór fram. Um klukkustund síðar hafði einhver stigið fram og sagt að ég stæði fyrir þessari herferð. Sem ég get alls ekki tekið heiðurinn af. Úr varð tveggja daga yfirferð Útvarps Sögu á mér. Ég var tekin fyrir. Ég tel að þessi útvarpsstöð sé ein þeirra sem eru að ala á fordómum, ótta og hatri og þarna fengum við skýrt dæmi – bæði stjórnendur og innhringjendur, sögðu að ég væri kúgari, ISIS-liði, kommúnisti og hryðjuverkamaður. Ég fékk ógeðsleg skilaboð og hringingar. Var kölluð múslimadjöfull og arabatussa.“

### Vilja múslima burt

Hún nefnir Ásmund Friðriksson, þingmann Sjálfstæðisflokksins, sem dæmi um stjórnmálamann sem elur á ótta.

„Hann kom fram í fyrra og spurði hvort það væri ekki búið að skoða bakgrunn allra múslima á Íslandi. Hvort það sé búið að skoða hvort þeir tengist hryðjuverkasamtökum. Þarna er í fyrsta lagi um rosalega stóra alhæfingu að ræða. Það er alveg sama hvort þú ert að tala um múslima eða aðra, þú tekur ekki svona hóp af fólki og alhæfir með þessum hætti. Hann er að setja fram þá spurningu hvort allir múslimar á Íslandi séu hryðjuverkamenn. Hvernig á fólk að túlka þetta? Hann hefur talað mikið til dæmis um málefni hælisleitenda. Hvort það eigi ekki að loka Keflavíkurflugvelli og senda allt þetta fólk bara heim. Og maður spyr bara, hvert heim? Þetta fólk á hvergi heima. Þetta er ábyrgðarlaust. Ég ætla ekki að segja að þetta sé óvart. Þetta er þekkt. Það er uppgangur öfgahægriafla í Evrópu sem er að vaxa og komast til valda. Við sjáum það að nú er búið að stofna Íslensku þjóðfylkinguna sem vill ekki mosku á Íslandi og vill afnema trúfrelsi. Þarna ertu farinn að troða á grundvallarréttindum einstaklinga og stjórnarskrárvörðum réttindum. Þau tala um ýmislegt annað, en grunnurinn í þessu er að þau hafna fjölmenningu og vilja ekki múslima eða mosku. Það er gríðarlegt áhyggjuefni.“

### Brexit skýrt dæmi

Hún nefnir Brexit-kosningabaráttuna sem dæmi um alvarlegar afleiðingar þess að ala á ótta.

„Það kemur niðurstaða í þessa atkvæðagreiðslu. Bretar vakna daginn eftir og það er bara allt í lagi að vera rasisti í Bretlandi. Þarna var alið á þessum ótta og hatri hjá ákveðnum stjórnmálaöflum. Núna sitja Bretar uppi með afleiðingarnar af þessu. Það er gengið upp að fólki á götum og það er lamið. Kona hringir inn í útvarpið, fædd í Þýskalandi, búin að búa í Bretlandi í 40 ár og hún þorir ekki út úr húsi. Það eru dæmi um að ráðist hafi verið á fólk í lestum vegna þess að það er ekki hvítt á litinn. Dæmin eru mörg og sumt fólk er bara hrætt. Núna er það þannig að innflytjendur í Bretlandi eru margir hverjir hræddir. Þeir óttast um líf sitt. Það er hangandi nasistaáróður sumstaðar í borgum og bæjum. Þetta gekk svo langt að þingkona var myrt úti á götu nokkrum dögum fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna. Þarna erum við bara að sjá hversu miklar afleiðingarnar geta orðið.“

Sema segir ákveðin kaflaskil hafa átt sér stað á Íslandi í sveitarstjórnarkosningunum 2014.

„Þar verða ákveðin tímamót þegar vika er til kosninga. Framsókn og flugvallarvinir í Reykjavík mældust þá með tveggja prósenta fylgi. Á þessari viku fara þeir úr tveimur prósentum í tíu og fá tvo fulltrúa kjörna. Það gera þeir með því að opna þetta Pandórubox og fara að tala um minnihlutahóp í samfélaginu, múslima. Tala gegn því að þeir fái að byggja mosku. Þarna fer einhver atburðarás af stað. Á þessum tíma var þetta ein hræðilegasta umræða sem við höfum upplifað á opinberum vettvangi. Þetta hefur allt verið greint og skoðað vel. Með því að ala á fordómum og ótta í garð ákveðins hóps í samfélaginu þá sóttu þau sér átta prósent. Þarna gerist eitthvað. Við vöknum öll daginn eftir þessa kosningar og þá var bara í lagi að vera rasisti á Íslandi.“



Sema Erla segir mikinn meirihluta þeirra sem senda henni persónunið á netinu vera fólk sem er komið af léttasta skeiði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR





www.volkswagen.is

Nýr Volkswagen Transporter

**Byggir á traustum grunni**

Transporter hefur fylgt kynslóðum af fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum vinnuþjarki að halda sem leysir krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er framhjóladrifinn með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn en er einnig í boði með fjórhjóladrifi og sjö þrepa sjálfskiptingu.

INTERNATIONAL VAN OF THE YEAR

Nýr Volkswagen Transporter kostar frá

**4.590.000 kr.**

(3.701.613 kr. án vsk)

**Atvinnubílar**

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Bestu þakkir



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Ungur erlendur ferðamaður lést í Sveinsgili við Torfajökul í vikunni. Maðurinn var í gönguferð um svæðið og rann af tuttugu metra þykkri íshellu við gilið og út í jökulá síðdegis á þriðjudag.

Björgunarsveitarmenn og aðrir sem komu að því að ná manninum upp úr ánni unnu þrekvirki við sérstaklega erfiðar aðstæður. Ótrúlegur fjöldi kom að björgunaraðgerðinni. Mannafli frá Landsbjörg og fleiri björgunarsveitum, lögreglu, Landhelgisgæslunni, slökkviliði og fleirum. Mikill tækjabúnaður var nýttur til verksins, sem flytja þurfti langa leið. Í heildina komu tæplega 300 manns að aðgerðunum, þar af um 240 sjálfboðaliðar. Þyrla Landhelgisgæslunnar skipti sköpum, flutti mannskap og tæki milli staða.

Löng ganga var að slysstaðnum, auk þess sem viðbragðsaðilar þurftu að klifra, ár voru vatnsmiklar og þurfti sérútbúin ökutæki til að komast yfir þær og fjarskiptasamband var stopult og olli það vandræðum að geta ekki verið í góðu síma- og talstöðvarsambandi. Þá var veður óhagstætt; rigning, þoka og kalsasamt og skyggni fyrir kafara afar bágborið.

Fólk á staðnum var afar þreytt, enda tóku aðgerðirnar langan tíma. Moka þurfti upp ís, hver og einn entist í um fimm klukkustundir, eftir það voru menn uppgefnir. Einn var fluttur með þyrlu til Reykjavíkur eftir hjartaáfall. Eftir um sólarhringsaðgerðir þurfti að kalla eftir mannskap til að leysa þá af sem staðið höfðu að björguninni. Ekki stóð á viðbrögðunum og nýtt og óþreytt fólk mætti snemma næsta morgun og nokkrir tugir til viðbótar síðar um daginn og leystu af.

Þegar verið var að ganga frá tækjum og búnaði við lok aðgerðarinnar í Sveinsgili fékk Landsbjörg annað útkall inn á hálendið þar sem sinna þurfti meðvitundarlausum manni.

Yfirmenn sem stjórnuðu aðgerðum hafa hrósað frábæru samstarfi allra sem komu að aðgerðinni, sér í lagi óeigingirni sjálfboðaliða.

„Áhugi fólks og þessir sjálfboðaliðar sem við Íslendingar eigum eru alveg einstakir,“ sagði Sigurgeir Guðmundsson, sem fór fyrir svæðisstjórn, í samtali við Vísi í gær. Allir lögðust á eitt að vinna verkið vel og faglega.

Þetta slys er aðeins eitt af mörgum sem björgunarsveitirnar sinna. Þau skipta þúsundum og munu halda áfram að verða. Íslendingar búa við margvíslegar ógnir og ófáir hafa týnt lífi af völdum sjóslysa, snjóflóða, jarðskjálfta, eldgosa og annarra náttúruhamfara. Í björgunarsveitunum eru þúsundir meðlima ávallt til taks.

Í þetta skiptið tóku hátt í 300 manns sér tíma frá vinnu, sumarfríi og fjölskyldum sínum til að leggja líf sitt og limi í hættu við björgun á ókunnugum, sem allar líkur voru á að fyndist ekki einu sinni á lífi, eins og kom á daginn.

Aðgerðir sem þessar gengju ekki eins vel og þær almennt gera hjá björgunarsveitunum okkar nema af því að þær búa yfir reynslu, samhæfni og dugnaði sem ógerlegt er að lýsa. Íslensku björgunarsveitirnar eru þjóðargersemi. Þeim verður seint þakkað að fullu fyrir framlag sitt til þjóðfélagsins.

**Yfirmenn sem stjórnuðu aðgerðum hafa hrósað frábæru samstarfi allra sem komu að aðgerðinni, sér í lagi óeigingirni sjálfboðaliða.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Brexit ómöguleikinn**

**Theresa May hefur tekið við stjórnartaumunum í Bretlandi. Hröð atburðarás átti sér stað eftir að Bretar kusu að ganga úr ESB og David Cameron er horfinn á brott. May var ein þeirra sem börðust fyrir veru Breta í Evrópusambandinu og töldu stjórnmálaskýrendur að það myndi reynast henni fjötur um fót að leiða viðræður um útgöngu Bretlands þar sem hún væri því mótfallin. May tók allan vafa af og sagði í fréttaviðtali að „Brexit þýddi Brexit“. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra gæti lært margt af nýjum forsætisráðherra Bretlands, en Bjarni taldi það pólitískan ómöguleika að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður Íslands og ESB.**

**Boris, Pútín og Trump**

**Heimsmyndin er í sífellu að breytast og nýir einstaklingar taka við stjórnum landa sinna en nú er hinn litríki Boris Johnson orðinn utanríkisráðherra Bretlands. Eftir síðari heimsstyrjöldina settust leiðtogar Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands niður á Yalta-ráðstefnunni til að ákvarða nýja heimsskipan. Nú hryllir marga við þeirri tilhugsun að þeir félagar Vladimír Pútín, Donald Trump og Boris Johnson sem fulltrúar sinna þjóða setjist aftur niður í Yalta til að ákvarða nýja heimsskipan.**

**stefanrafn@frettabladid.is**

# Gleymdu börnin



Ragnar Schram
framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpa á Íslandi

Öll höfum við verið börn og vitum hve berskjaldaður maður getur verið á þeim tíma ævinnar. Maður er einhvern veginn svo háður foreldrum sínum og treystir því að þeir sjái um mann, enda er það hlutverk þeirra. En nú er það svo að tíunda hvert barn í heiminum býr ekki svo vel að njóta umönnunar foreldra sinna eða á á hættu að missa hana. Þessi börn eru berskjaldaðri en önnur börn. Og það sem verra er; þau eiga það til að gleymast og verða út undan þegar kemur að aðgerðum yfirvalda í málefnum barna. Að vísu eru málefni barna áberandi í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en því miður virðast umkomulaus börn eiga á hættu að verða út undan. Þetta sýnir ný skýrsla[1] sem unnin var fyrir SOS Barnaþorpin í Noregi og nær til fjölda landa.

Skýrslan sýnir að þegar stjórnvöld og stofnanir vinna að málefnum barna er oftast notast við gögn um barnafjölskyldur, þ.e. börn sem búa hjá forráðamönnum. Fyrir vikið verða umkomulaus börn og málefni þeirra oft út undan, börnin eru hvergi skráð og fá ekki þá athygli og aðstoð sem þau þurfa. Slík samfélagsleg einangrun er ekki góð viðbót við foreldraleysið þegar maður er barn. Þessi börn verða sum vinnuþrælar, önnur götubörn og/eða leiðast út í vændi og enn önnur gerast skæruliðar. Þau gleymdust.

Góðu fréttirnar eru þær að SOS Barnaþorpin og ýmsir aðrir aðilar eru að vinna í þessum málum. Ekki dregur það úr áhuga okkar að hverja krónu sem við fjárfestum í að hjálpa umkomulausum börnum í fátækari ríkjum heims fær samfélagið a.m.k. fjórfalt og allt að tífalt til baka[2].

Utanríkisráðuneyti Íslands hefur komið að þessu verkefni með okkur og m.a. stutt fjárhagslega við fjölskyldueflingu SOS í Vestur-Afríku þar sem hjálpinni er beint að þeim börnum sem eiga aðskilnað við foreldra sína á hættu. Þannig hafa íslensk stjórnvöld sýnt ábyrgð í verki og það sama má segja um átta þúsund íslenskar fjölskyldur sem eru styrktarforeldrar umkomulausra SOS-barna og þúsundir annarra einstaklinga og fjölskyldna sem styðja við málefnið með ýmsum hætti.

**Ekki dregur það úr áhuga okkar að hverja krónu sem við fjárfestum í að hjálpa umkomulausum börnum í fátækari ríkjum heims fær samfélagið a.m.k. fjórfalt og allt að tífalt til baka.**

*[1] In the blind spot. Höfundur: Pia Lang-Holmen.*
*[2] Harvard University, Centre on the Developing Child. (2009) 'Five numbers to remember about early childhood development'*




FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Fanney Birna Jónsdóttir fanney@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is og Viktoría Hermannsdóttir viktoria@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is
LÍFIÐ: Gyða Lóa Ólafsdóttir gydaloa@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Ítalskt salat og svartþorskur

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Fyrir stuttu síðan sat ég í góðum hópi og borðaði kvöldmat á látlausu veitingahúsi í ítalskri borg. Í hópnum var einn innfæddur Ítali og nokkrir Íslendingar. Við Íslendingarnir urðum nokkuð kátir að sjá að á matseðlinum var boðið upp á majones-salat með gulrótum og grænum baunum og fannst mjög viðeigandi að panta einmitt þetta. Við útskýrðum svo fyrir Ítalanum innfædda að hróður einmitt þessarar tegundar ítalskrar matargerðarlistar hefði borist til Íslands og væri í okkar heimalandi jafnan kölluð „ítalskt salat“.

Hinn kurteisi Ítali tók þessu hrósi með miklu jafnaðargeði en varð nokkuð hugsi í drykklanga stund. Við Íslendingarnir vorum vissir um að hann sæti þarna í þögulli velþóknun yfir þeirri virðingu sem þjóð hans væri sýnd lengst norður í Atlantshafi. Okkur fannst líklegast að í honum bærðist svipuð tilfinning eins og í okkur Íslendingum þegar einhverjir útlendingar segjast muna eftir Eiði Smára „and Björk, of course“—og segja okkur að þeir hafi haldið með íslenska landsliðinu á EM.

**Giovanni's majones?**

En það var víst öðru nær. Eftir umhugsun sína leit Ítalinn aftur upp, ræskti sig og sagði mjög hæversklega: „Það er svolítið fyndið að á Íslandi sé svona salat kallað ítalskt salat. Hér á Ítalíu er þetta nefnilega kallað rússneskt salat.“

Það sló þögn á hina forframuðu Frónbúa. Við horfðum hvert á annað og það rann upp fyrir okkur öllum samtímis að þetta meikaði nú eiginlega meiri sens. Ítalir eru frægir fyrir ýmislegt í matargerðarlist, en mikil notkun á majonesi og rótargrænmeti er ekki eitt af því.

Gátan um af hverju rússneskt salat er kallað ítalskt á Íslandi verður ekki leyst hér að öðru leyti en því að fullyrða að þessi neyðarlegi misskilningur eigi uppruna sinn í Danmörku. Ein sennileg tilgáta um hvernig þessi goðgá komst á flug er að þetta hafi í upphafi verið einhvers konar markaðssetning. Einhver hefur fengið rússneskt salat á ferðum sínum um Ítalíu og ákveðið að bjóða upp á það á norðurslóðum. Það er hins vegar meira spennandi í augum flestra að borða ítalskt salat heldur en rússneskt, enda er Rússland ekki frægt fyrir að hafa upp á sérstaklega áhugaverða matargerðarmenningu að bjóða.

**Svartþorskur úr Atlantshafi**

Markaðssetningin skiptir máli víðar. Víða um heim er íslenskur fiskur meðal þess verðmætasta sem selt er í matvöruverslunum og þess fínasta á matseðlum veitingastaða. Einn sprenglærður íslenskur matvælafræðingur—og gæðastjóri hjá íslensku sjávarútvegsfyrirtæki í þokkabót—varð til dæmis forviða á dögunum þegar honum var tjáð að þorskurinn sem boðið var upp á væri ekki hefðbundinn þorskur heldur „svartþorskur“ úr Norður-Atlantshafi. Eftir að hafa þráspurt þjóninn um hvort ekki væri um að ræða matreiðsluaðferð á ósköp venjulegum þorski þurfti hann að játa sig sigraðan.

Þjónninn sat fast við sinn keip og fullyrti að þeir seldu engan venjulegan hvítfisk heldur hágæða íslenskan svartþorsk, og mun sú fisktegund annaðhvort vera best geymda leyndarmál Atlantshafsins eða ímyndun í þágu markaðssetningar. Hvort heldur sem er—þá er niðurstaðan býsna góð fyrir íslenskan sjávarútveg.

**Eftiröpun er nýsköpun**

Mörg önnur dæmi er að finna um álíka misskilning—viljandi eða óviljandi. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að í mörgum tilfellum eru hefðbundnar verkunaraðferðir matvæla varðar með ýmiss konar lagaboði. Á Ítalíu vilja margir banna notkun hugtaksins „pizza“ um matvæli sem ekki uppfylla tiltekna staðla. Grikkir hafa þrýst því í gegn að hugtakið „feta-ostur“ er bundið við vöru sem á uppruna sinn í Grikklandi (þess vegna heitir okkar feta-ostur ekki feta heldur feti og Dala-feta), og það sama hafa vínræktendur í Frakklandi náð fram með því að heimta að orðið „champagne“ megi aðeins nota um freyðivín frá samnefndu héraði, en sé ekki samnefnari um allt það freyðivín sem framleitt er í heiminum.

Allt er þetta markaðssetning.

Þau lönd og svæði sem njóta frægðar fyrir tiltekna tegund matargerðar vilja halda forskotinu út af fyrir sig, þótt algengast sé að raunveruleg útbreiðsla vörunnar sé frekar að þakka athafnasömum framleiðendum utan heimamarkaðarins sem herma eftir hinni upprunalegu vöru og selja á nýjum og stærri mörkuðum.

Að herma eftir hugmyndum og blanda saman ólíkum stefnum og straumum er nefnilega ein mikilvægasta forsenda allrar nýsköpunar. Þetta gildir um matargerðarlist rétt eins og hátækni eða listsköpun. Eftir því sem fleiri herma eftir því sem maður er að gera; þeim mun líklegra er að maður sé að gera eitthvað af viti. Og meira að segja algjör þvæla—eins og tilvera svartþorsks—hjálpar til við að skapa eftirspurn eftir góðum vörum.

**Nýsköpun og tækifæri**

Ísland er um þessar mundir „heitara“ en flest önnur lönd. Í Bandaríkjunum er til að mynda ekki óalgengt að áhorfendur í sjónvarpsþáttum byrji áeggjunarlaust að klappa og fagna þegar gestir eða þáttarstjórnendur taka sér orðið „Ísland“ í munn. Víða tengir fólk Ísland við ákveðinn ferskleika og—þökk sé íslenskum listamönnum—þá hefur Ísland líka orðspor fyrir að vera frjósemisakur skapandi hugsunar og frjálslyndis.

Íslensk matargerðarlist hefur þó hingað til ekki verið áberandi mikil útflutningsvara. Það er þó ekkert náttúrulögmál. Í Bandaríkjunum hefur íslenskur athafnamaður til dæmis náð að byggja upp glæsilegt vörumerki í kringum íslenska skyrið sem fæst til sölu út um alla víðáttu Bandaríkjanna.

Það er ekkert sem segir að íslenskir bændur geti ekki notið meira góðs af þessum miklu vinsældum Íslands og ímyndar landsins. Rétt eins og það er meira spennandi að borða ítalskt salat heldur en rússneskan majoneshræring, þá er allt það sem getur kallast íslenskt mjög eftirsóknarvert víða um heim.

Margir íslenskir hafa nú þegar lagt í umtalsverða vinnu við að plægja akurinn fyrir þessi tækifæri. Það er hins vegar umhugsunarefni hvort áframhaldandi einokunarstaða nokkurra fyrirtækja í afurðakaupum og vinnslu sé líkleg til þess að skapa nægilega frjóan jarðveg fyrir slíka markaðssókn. Nýsköpun á sér nefnilega sjaldnast stað í skjóli einokunar, heldur þrífst hún á fjölbreytni og samkeppni—þar sem ný fyrirtæki geta sprottið upp og veitt betri þjónustu ef hin eldri reynast ófær um að sinna þörfum markaðarins.

> **Nýsköpun á sér nefnilega sjaldnast stað í skjóli einokunar, heldur þrífst hún á fjölbreytni og samkeppni.**

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Rapid** kemur skemmtilega á óvart, bæði í akstri og viðmóti. Hreinar línur, nýtt aflmikið yfirbragð og tímalaus fágun gera Rapid að frábærum kosti. Komdu í reynsluakstur og snertu á framtíðinni.

Verð frá aðeins
**2.990.000 kr.**

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**




Verð gilda til og með **17. júlí** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT

1. FLOKKUR




1.679 kr. kg

**Kjarnafæði Lambasirlonsneiðar**
Kryddlegnar, ferskar




1.998 kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, blandaðar, ferskar




2.598 kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddlegnar, ferskar




2.598 kr. kg

**Íslandslamb Lambalærissneiðar**
Kryddlegnar, 1. flokkur, ferskar

# FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS




100% Íslenskt ungnautakjöt

4stk 80 g

579 kr. 2x140 g

598 kr. 4x80 g

549 kr. 2x120 g

**Íslandsnaut Ungnautaborgarar**
2x140 g, 2x120 g eða 4x80 g




1.298 kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Með beini, kryddaðar

# GOTT Á GRILLIÐ

10 PYLSUR




359 kr. pk.

**Bónus Vínarpylsur**
485 g,10 stk.




198 kr. 500 ml

**Heinz Tómatsósa**
500 ml - 570 g




109 kr. 100 g

**Steiktur Laukur**
100 g




198 kr. 300 ml

**Bónus Hamborgarasósa**
300 ml




198 kr. 300 ml

**Bónus Remúlaði**
300 ml

BÓNUS EKKERT BRUÐL

## Ísland hefur farið upp fyrir 109 þjóðir á FIFA-listanum á 48 mánuðum



Raðað eftir sætum (innan sviga í fyrstu tveimur röðum) sem þjóðirnar voru í á FIFA-listanum í ágúst 2012.

**1** Holland (8. sæti)
**2** Danmörk (10.)
**3** Rússland (11.)
**4** Grikkland (12.)
**5** Fílabeinsstr. (16.)
**6** Svíþjóð (17.)
**7** Tékkland (19.)
**8** Japan (22.)
**9** Ástralía (24.)
**10** Noregur (25.)
**11** Írland (26.)
**12** Paragvæ (27.)
**13** S-Kórea (29.)
**14** Bosnía (31.)
**15** Gana (32.)
**16** Slóvenía (33.)
**17** Alsír (34.)
**18** Serbía (35.)
**19** Bandaríkin (36.)
**20** Líbýa (38.)
**21** Malí (39.)
**22** Egyptaland (40.)
**23** Túnis (41.)
**24** Gabon (42.)
**25** Sambía (44.)
**26** Úkraína (45.)
**27** Skotland (46.)
**28** Perú (47.)
**29** Íran (48.)
**30** Eistland (49.)
**31** Svartfjallal. (50.)
**32** Rúmenía (51.)
**33** Venesúela
**34** Belgía
**35** Panama
**36** Armenía
**37** Síerra Leóne
**38** Nígería
**39** Kamerún
**40** Austurríki
**41** Senegal
**42** Kostaríka
**43** Úsbekistan
**44** El Salvador
**45** Hondúras
**46** Jamaíka
**47** Suður-Afríka
**48** Marokkó
**49** Kína
**50** Lettland
**51** Mið-Afríkulýðv.
**52** Finnland
**53** Bólivía
**54** Albanía
**55** Gínea
**56** Hvíta-Rússland
**57** Benín
**58** Grænhöfðaeyjar
**59** Kanada
**60** Haítí
**61** Trín. og Tóbagó
**62** Ísrael
**63** Jórdanía
**64** Írak
**65** Angóla
**66** Litháen
**67** Búrkína Fasó
**68** Gvatemala
**69** Úganda
**70** Malaví
**71** Norður-Kórea
**72** Vestur-Kongó
**73** Óman
**74** Búlgaría
**75** Nýja-Sjáland
**76** Kúvæt
**77** Georgía
**78** Katar
**79** Tógó
**80** Ant. og Barbúda
**81** Norður-Írland
**82** Barein
**83** Makedónía
**84** Súdan
**85** Sádi-Arabía
**86** Simbabve
**87** Mósambík
**88** Aserbaídsjan
**89** Gvæjana
**90** Lúxemborg
**91** Miðbaugs-Gínea
**92** Botsvana
**93** St. Krist. /Nevis
**94** Namibía
**95** Austur-Kongó
**96** Níger
**97** Líbería
**98** Tsjad
**99** Dómin. lýðv.
**100** Bermúda
**101** Sam. arab. furstadæmin
**102** Eþíópía
**103** Kýpur
**104** Túrkmenistan
**105** Rúanda
**106** Kenýa
**107** Líbanon
**108** Tansanía
**109** Gambía

# Ótrúleg fjögur ár á FIFA-lista

**Aðeins 21 knattspyrnulandslið er fyrir ofan Ísland á nýjasta styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins sem kom út í gær. Ísland er í 22. sæti og hefur aldrei verið ofar. 109 þjóðir hafa þurft að gefa eftir sæti sitt.**

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck kveður íslenska karlalandsliðið í betri stöðu en það hefur nokkurn tímann verið á FIFA-listanum og það afrek verður enn meira þegar staðan í dag er borin saman við stöðuna fyrir rétt tæpum 48 mánuðum.

Íslenska liðið hefur farið upp fyrir 109 þjóðir á listanum á þessum tíma. Liðið fór hratt upp listann til að byrja með, þökk sé frábærum sigrum í undankeppni HM 2014 og tók nú sögulegt stökk á nýjasta listanum eftir eftirminnilega frammistöðu sína á EM í Frakklandi.

### Enn ein sönnunin

Það verður alltaf erfiðara að hækka sig þegar liðið er komið í hóp 40 bestu knattspyrnuþjóða heims og tólf sæta stökkið í gær er enn ein sönnun þess hversu magnað sumarið 2016 var fyrir íslenskan fótbolta.

Fyrir tæpum fimmtán hundruð dögum var Svíinn Lars Lagerbäck að undirbúa íslenska landsliðið fyrir fyrsta leikinn í undankeppni HM 2014. Íslenska liðið hafði aðeins unnið fimm af síðustu 38 leikjum sínum í undankeppni HM eða EM og sat þarna í 130. sæti FIFA-listans.

Lagerbäck tók við liðinu í árslok 2011 og stýrði því í fjórum vináttuleikjum um veturinn og vorið sem allir töpuðust. Liðið féll niður um tæp 30 sæti á þessum fyrstu átta mánuðum Lars í starfi enda var sá sænski að prófa sig áfram og leita að sínu liði.

Það varð fljótlega til sú skemmtilega hefð hjá Lagerbäck að ná miklu betri árangri í keppnisleikjum en í vináttuleikjunum þar sem úrslitin skiptu litlu sem engu máli.

### 120 sætum neðar en Danir

FIFA-listinn kom út 8. ágúst 2012 og Ísland var 120 sætum neðar en Danmörk. Fram undan var leikur á móti Norðmönnum í undankeppni EM í september en norska liðið var 105 sætum ofar en Ísland á þessum haustlista eða í 25. sæti FIFA-listans.

Ísland vann vináttuleik á móti Færeyjum á Laugardalsvellinum í ágúst en Færeyingar voru þá bara 23 sætum á eftir Íslandi á listanum. Íslenska liðið fagnaði síðan 2-0 sigri á Noregi í fyrsta leik undankeppni HM 2014 og fékk því sannkallaða draumabyrjun.

Við tóku ótrúleg fjögur ár þar sem hróður Íslands jókst innan fótboltaheimsins og miðar á landsleikina seldust upp á mettíma. Íslendingar voru orðnir stoltir af landsliðinu sínu og með alla jákvæðnina í farteskinu lagði liðið af stað í mikið ævintýri.

Tveir sigrar á bronsliði Hollendinga frá síðustu heimsmeistarakeppni tryggðu íslenska liðinu inn á sitt fyrsta stórmót. Strákarnir létu ekki þar við sitja heldur mættu á Evrópumótið í Frakklandi til að gera alvöru hluti.

Íslenska liðið tryggði sér sigur á Austurríki í uppbótartíma í lokaleik riðilsins og sló síðan Englendinga út úr sextán liða úrslitunum. Þrátt fyrir 5-2 tap á móti Frökkum í átta liða úrslitunum stóð íslenska liðið uppi sem einn af sigurvegurum mótsins. Víkingaklappið og frammistaða íslensku áhorfendanna átti mikinn þátt í því en það var táknmynd þess sem hafði breyst hvað mest í þjálfaratíð Lars Lagerbäck.

Nú voru allir í sama fótboltaliðinu og íslensku strákarnir fengu nú ómetanlega stuðning í gegnum súrt og sætt í stað þess að spila fyrir hálftómum Laugardalsvellinum þegar verst gekk fyrir nokkrum árum.

### Langbestir á Norðurlöndum

Íslenska liðið er nú langbesta liðið á Norðurlöndum, átján sætum ofar en Svíar sem koma næstir. Þetta eru mestu yfirburðir meðal Norðurlandaþjóða í sjö ár eða síðan Danir voru síðast í hópi tíu bestu knattspyrnuþjóða heimsins haustið 2009.

**Íslenska landsliðið fór níu sinnum upp um tíu sæti eða meira í einu í þjálfaratíð Svíans Lars Lagerbäck.**

**Ísland fékk fleiri FIFA-stig fyrir að vinna Austurríki á EM (1.692,9) en fyrir að vinna England (1.683,99) í 16 liða úrslitunum á EM.**

Íslenska liðinu tókst að hoppa upp um 109 sæti á FIFA-listanum á tæpum 48 mánuðum og þetta hljóta að vera einhver ótrúlegustu fögur ár þjóðar í sögu FIFA-listans. Fréttablaðið tók það saman hvaða 109 þjóðir hafa þurft að gefa eftir í rússíbanareið íslenska liðsins inn í hóp 22 bestu knattspyrnuþjóða heims.

Það er langur lestur að fara í gegnum listann en um leið afar athyglisverður. Heimskortið hér á síðunni segir þessa sögu af hraðferð íslenska liðsins upp heimslistann á myndrænan hátt. Afríkuríkið Níger situr nú í umræddu 130. sæti og hver veit nema mennirnir á skrifstofu sambandsins séu nú að leita að símanúmeri Lars Lagerbäck.

ooj@frettabladid.is

---

Evrópudeildin í fótbolta

**KR - Grasshopper 3-3**

0-1 Ridge Munsy (18.), 0-2 Nikola Gjorgjev (35.), 1-2 Morten Beck Andersen (46.), 2-2 Andersen (50.), 2-3 Caio (59.), 3-3 Óskar Örn Hauksson, víti (77.).

KR-ingar voru 0-2 undir í hálfleik en Morten Beck Andersen jafnaði metin með tveimur mörkum í upphafi seinni hálfleiks eftir að hafa komið inn á sem varamaður í leikhléi. Óskar Örn Hauksson jafnaði svo metin í 3-3 sem eru fín úrslit fyrir KR úr því sem komið var. Landsliðsmaðurinn Rúnar Már Sigurjónsson lék sinn fyrsta mótsleik fyrir Grasshopper og lagði annað mark liðsins upp.

**Verður Willum æviráðinn eftir þessa velgengni? Framsóknarflokkurinn er hvort eð er sökkvandi skip**

Maggi Pera
**@maggiperan**

FRÁBÆR FYRSTI HRINGUR HJÁ PHIL MICKELSON



Phil Mickelson lék frábærlega á fyrsta degi Opna breska meistaramótsins í golfi. Mickelson lék fyrsta hringinn á 63 höggum, eða átta undir pari. Hann var grátlega nálægt því að fara fyrsta hringinn á 62 höggum og verða þar með fyrstur til að afreka það á risamóti. Bandaríkjamaðurinn Patrick Reed og Þjóðverjinn Martin Keymar koma næstir á 66 höggum, eða fimm undir pari. Ástralinn Jason Day, efsti maður heimslistans, fann sig ekki á fyrsta degi mótsins og lék á tveimur höggum yfir pari. Næstu menn á heimslistanum, Bandaríkjamennirnir Dustin Johnson og Jordan Spieth, léku báðir á 71 höggi í gær, eða á pari vallarins.

SVEINN ARON FETAR Í FÓTSPOR PABBANS OG AFANS

Sveinn Aron Guðjohnsen, 18 ára framherji, skrifaði í gær undir tveggja ára samning við Val. Sveinn Aron kemur frá HK en hann skoraði fimm mörk í 10 leikjum með Kópavogsliðinu í 1. deildinni í sumar. Sveinn Aron verður þriðji Guðjohnsen-ættliðinn sem spilar fyrir Val en áður höfðu faðir hans og afi leikið með félaginu við góðan orðstír. Faðir Sveins Arons, Eiður Smári Guðjohnsen, lék með Val árið 1994 þegar hann skoraði sjö mörk í 17 leikjum. Fjórum árum síðar gekk afi Sveins Arons, Arnór Guðjohnsen, í raðir Vals. Hann lék 41 deildarleik fyrir Hlíðarendafélagið á þremur árum og skoraði 22 mörk.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **08.00** | **Opna breska** | Golfstöðin |
| **18.00** | **Demantamótaröðin** | Sport |
| **20.00** | **Pepsímörk kvenna** | Sport 2 |
| **23.45** | **Box Kovalev-Chilemb.** | Sport |

# GERIR HLUTINA EFTIR EIGIN HÖFÐI

**Hrönn Margréti Magnúsdóttur** dreymdi þegar hún var stelpa að reka fyrirtæki eins og afi hennar. Eftir að hafa starfað hjá Össuri í mörg ár lét hún slag standa og stofnaði fyrirtæki sem vinnur fæðubótarefni og húðvörur úr fiskroði. Fjórar vörur eru komnar á markað nú þegar og markið er sett hátt.



Eftir að hafa starfað um margra ára skeið hjá íslenska stórfyrirtækinu Össuri ákvað Hrönn Margrét Magnúsdóttir að venda kvæði sínu í kross. Hún stofnaði fyrirtækið Ankra ehf. sem vinnur fæðubótarefni og húðvörur m.a. annars úr kollageni sem er unnið úr fiskroði. Nú þegar hafa fjórar vörur verið settar á markað undir vörumerkinu Feel Iceland, bæði heima og erlendis, og markið er sett hátt hjá Hrönn og meðeiganda hennar, Kristínu Ýri Pétursdóttur.

Sjálf byrjaði Hrönn snemma að vinna og segist alltaf hafa haft nóg á sinni könnu. „Þegar ég var 16 ára vann ég við að svara í símann hjá Johan Rönning á sumrin, fyrirtæki sem afi minn, Jón Magnússon, stofnaði og stýrði. Á kvöldin vann ég á Hard Rock og Hróa hetti til skiptis. Frá því að ég man eftir mér langaði mig alltaf að reka eigið fyrirtæki og vera eins og afi.“ Stefnan var því sett á viðskiptafræði sem Hrönn kláraði frá Háskólanum í Reykjavík. Næst tók hún masterspróf í alþjóðaviðskiptum og seinni hluta MBA-náms við IE Business School í Madrid.

**VERÐMÆT REYNSLA**

Áður en Hrönn stofnaði Ankra starfaði hún lengstum hjá Össuri sem alþjóðlegur vörustjóri (e. global product manager) fyrir hlaupafætur auk þess sem hún sá einnig um þróun á sérstakri vörulínu fyrir Asíumarkað. Eitt af fyrstu verkefnum hennar var þróun á sérstökum hlaupasóla fyrir hlaupafót í samstarfi við Nike. „Það fyrsta sem ég gerði var að gera drög að samningi sem ég þurfti að fá Nike til að undirrita. Ég mætti í höfuðstöðvar Nike í Beaverton ásamt tveimur samstarfsmönnum mínum þar sem við hittum yfirmenn og þekktar kanónur hjá Nike. Ég held að þeim hafi verið ansi brugðið því ég var þrítug en samt elst af þessu þriggja manna teymi. En það voru allir mjög almennilegir og samningurinn var undirritaður og upphófst frábært samstarf.“

Hjá Nike vann hún aðallega »



» með Toby Hatfield og Mike Friton í hinu fræga nýsköpunareldhúsi (e. Innovation Kitchen) Nike en Toby á meðal annars heiðurinn af Nike Free hlaupaskónum auk þess sem hann vinnur í vöruþróun með helstu íþróttastjörnum sem eru á samningi við Nike. „Mike Friton var einn af fyrstu starfsmönnum Nike og er meðal annars skráður fyrir einkaleyfi fyrir sjálfreimandi skó sem voru í kvikmyndinni Back to the Future sem er ansi svalt. Ég fékk svo líka að vinna með yfirmönnum markaðsdeildar Nike og lærði ótrúlega mikið af þessum reynsluboltum.“

**METNAÐARFULL MARKMIÐ**

Hugmyndina að stofnun Ankra má að mörgu leyti rekja til tengdaföður Hrannar sem er skipstjóri á dagróðrabáti. Hún segir sér hafa þótt leiðinlegt að horfa upp á hversu mikið hágæða hráefni Íslendingar seldu úr landi í stað þess að auka verðmætasköpun innanlands. „Eftir að hafa skoðað hvað væri hægt að vinna úr þessum aukaafurðum kom hugmyndin; að bjóða upp á bæði fæðubótarefni og húðvörur sem vinna saman bæði innan frá og utan að bættu útliti og líðan. Við höfum sett fjórar vörur á markað undir vörumerkinu Feel Iceland en eitt helsta innihaldsefni okkar er hágæða kollagen sem er unnið úr íslensku fiskroði. Kollagen er helsta uppbyggingarprótein líkamans og framleiðsla okkar á kollageni minnkar með aldrinum og því mikilvægt að reyna að bæta það upp.“

Og þær setja markið hátt. „Eitt af markmiðum okkar er að Feel Iceland-vörurnar verði komnar í flottustu verslanirnar í Evrópu og Asíu á næstu 2-3 árum og við ætlum okkur í samstarf við innlend rannsóknar- og sjávarútvegsfyrirtæki þegar kemur að vöruþróun. Við viljum einungis selja vörurnar okkar í lúxusverslunum þar sem viðskiptavinir fá góða þjónustu og fræðslu um vörurnar. Í dag fást Feel Iceland-vörurnar í öllum helstu apótekum og heilsuvöruverslunum hér á Íslandi og við erum einnig byrjaðar að selja aðeins erlendis, aðallega í Danmörku. Þar eru danskir húðlæknar sem hrifust svo af vörunum og virkni þeirra að þeir vildu fá að selja þær. Núna erum við í samningaviðræðum við flottar verslanakeðjur erlendis og sumar þeirra hafa haft samband við okkur að fyrra bragði sem er klárlega góðs viti.“



**„Eitt af markmiðum okkar er að Feel Iceland vörurnar verði komnar í flottustu verslanirnar í Evrópu og Asíu á næstu 2-3 árum,“ segir Hrönn Margrét Magnúsdóttir, stofnandi Ankra.** MYND/ANTON BRINK



**Róleg stund við árbakkann fyrr í sumar þegar fjölskyldan fór saman í veiði.**



**Fjölskyldan fór til Frakklands fyrr í sumar og fylgdist með landsliðinu í fótbolta. Yngsti fjölskyldumeðlimurinn svaf allan leikinn.**



**Hrönn Margrét í Sjanghæ í Kína, hér með tveimur barna sinna. Hrönn dvaldi þar oft meðan hún starfaði hjá Össuri.**

**ÓLÍKT UMHVERFI**

Hrönn hefur starfað á Íslandi, í Kína og í Bandaríkjunum en starfsumhverfið er mjög ólíkt milli landanna. „Ég fann sérstaklega mjög mikinn mun á viðskiptaumhverfinu á Íslandi og í Kína. Þar er allt mun formlegra og það er talað mikið í kringum hlutina og þar af leiðandi fannst mér hlutirnir gerast hægar. Ég upplifði líka mun minna frumkvæði hjá undirmönnum þar samanborið við hér heima. Í Bandaríkjunum var minni munur á viðskiptaumhverfinu en það sem kom mér á óvart þar var hvað starfstitillinn skipti miklu meira máli en hér heima.“

Hún stýrði einnig vöruþróun á sérstakri vörulínu fyrir Asíu og ferðaðist því mikið til Sjanghæ í Kína. „Þar lenti ég stundum í mjög skondnum aðstæðum og er einn fundur mér mjög minnisstæður. Þá fór ég ásamt fleirum að skoða framleiðslu hjá kínverskum stoðtækjaframleiðanda og einhvern veginn endaði heimsóknin á því að ég var komin á mjög formlegan fund með öllum helstu stjórnendum fyrirtækisins. Þá héldu þeir að ástæðan fyrir komu minni væru kaup á fyrirtækinu sem var alls ekki raunin.“

**ÞARF AÐ BJARGA SÉR**

Það var stórt skref að stofna eigið fyrirtæki eftir að hafa starfað hjá stórum og rótgrónum fyrirtækjum allan starfsferilinn. „Þegar maður er starfsmaður hjá stóru fyrirtæki er auðvelt að leita sérfræðiþekkingar hjá samstarfsmönnum, fá aðstoð þar sem maður er ekki sterkur og fylgja ferlum sem hafa virkað. En aftur á móti getur pólitík, fastmótaðar starfsvenjur og ákveðnar áherslur heft nýsköpun og frumkvæði.“

Frelsið er þó stór kostur þess að reka eigið fyrirtæki. „Þá fylgir maður eigin sannfæringu og gerir hlutina eftir eigin höfði og stendur svo og fellur með þeim ákvörðunum. Það er yfirleitt raunin með sprotafyrirtæki að fjármagn er af skornum skammti og ekki er möguleiki að ráða starfsmenn eða úthýsa verkefnum. Þá þarf að bjarga sér og sinna verkefnum sem maður er ekki sterkur í. Það er heilmikill skóli að stofna eigið fyrirtæki og þurfa að standa alveg á eigin fótum. Ég hef lent í því að stökkva í ýmis verkefni og þar af leiðandi lært margt nýtt, til dæmis að búa til vefsíðu í snatri en það blessaðist sem betur fer með hjálp Youtube.“

**GOTT SUMAR FRAM UNDAN**

Eftir miklar annir í vetur skellti Hrönn sér til Frakklands ásamt fjölskyldu sinni þar sem hún fylgdist með afrekum íslenska karlalandsliðsins í fótbolta. „Ég er nokkuð viss um að dóttir mín hafi verið með yngstu stuðningsmönnunum á svæðinu, nýorðin eins árs. Hún svaf reyndar mestallan leikinn en varð frekar hissa þegar hún vaknaði meðal margra þúsunda manna.

Við leigðum hús í Frakklandi með systur minni og fjölskyldu hennar í litlum frönskum bæ í Suður-Frakklandi og áttum frábærar stundir þar. Svo erum við búin að skipuleggja veiðiferð og útilegu með vinafólki okkar í júlí og telja krakkarnir spennt niður dagana. Næst liggur leiðin vestur til Bolungarvíkur þar sem við ætlum að taka þátt í golfmóti og markmið mitt er að vinna manninn minn – að minnsta kosti með forgjöf.“




# Útsala 30-70% afsláttur



Kjóll áður 9.990 kr.
nú 6.990 kr.



Kjóll áður 9.990 kr.
nú 6.990 kr.



Kjóll áður 9.990 kr.
nú 6.990 kr.



Túnika áður 11.990 kr.
nú 8.390 kr.



Túnika áður 7.990 kr.
nú 5.000 kr.



Kvart buxur 5 litir st. 40-48
verð 5.000 kr.



Kjóll áður 17.990 kr.
nú 9.900 kr.



Kjóll áður 17.990 kr.
nú 9.900 kr.



Kjóll áður 17.990 kr.
nú 9.900 kr.

FLASH

**Laugaveg 54,**
**sími: 552 5201**

Fleiri myndir á Facebook

# SUMARLEGUR RÆKJURÉTTUR

Gaman væri að elda og gæða sér á girnilegum rétti **Snorra Guðmundssonar,** rækju-taco með pico de gallo, um helgina. Snorri er mikill matgæðingur með ljósmyndadellu og heldur hann úti blogginu Snorri eldar.

Matgæðingurinn Snorri Guðmundsson hefur haft áhuga á matargerð frá því hann fór að elda ofan í sjálfan sig sem unglingur og prófa að fikta í eldhúsinu. Hann segir fjölskyldu sína alla vera mikið matfólk og yfirleitt mikið um kræsingar í kringum hana. Snorri byrjaði nýlega með eigið blogg þar sem hann setur inn uppskriftir og myndir af matnum sem hann eldar en hann er með ljósmyndadellu á byrjunarstigi að eigin sögn.

„Bloggið varð til út frá hvatningu frá vinum og vandamönnum eftir að ég fyllti Facebook-ið hjá mér af matarmyndum. Bloggið var aðallega hugsað til þess að halda utan um matarmyndirnar mínar og þær uppskriftir sem ég held upp á og deila þeim með öðrum sem hafa áhuga. Svo setur það líka smá pressu og hvatningu á mig til þess að halda áfram að læra nýja hluti tengda matargerð og matarljósmyndun."

Snorra þykir gaman að búa til karamellur og eftirrétti en skemmtilegast þykir honum þó að prófa að gera eitthvað nýtt og prófa sig áfram. Hann segist aðallega elda og baka fyrir sína nánustu en að baksturinn endi stundum ofan í vinnufélögunum líka.

Snorri gæti ekki verið ánægðari þessa dagana en hann er nýkominn úr brúðkaupsferð frá Bandaríkjunum. Hann og Nanna Guðlaugardóttir giftu sig á dögunum og í ferðinni fékk Snorri innblástur til góðra verka í eldhúsinu. Hann gefur lesendum hér uppskrift að rækju-taco sem hann smakkaði í Los Angeles. „Þar er allt er vaðandi í gómsætum mexíkóskum mat, en þar fékk ég ótrúlega góðar rækju-tacos sem mig langaði til þess að endurskapa hérna heima og þessi uppskrift er afraksturinn af því. Hún er einföld í framkvæmd, sumarleg og gómsæt," segir Snorri en fallegu matarmyndirnar hans og uppskriftir að réttunum er að finna á snorrieldar.com.



**Snorri er mikill áhugamaður um bæði mat og ljósmyndun. Hann sameinar áhugamálin á snorrieldar.com.**

## RÆKJU-TACO MEÐ PICO DE GALLO

### Rækjurnar

**24 risarækjur (sirka 350 gr)**
**2 msk. ólífuolía**
**2 hvítlauksrif**
**1 tsk. cumin**
**3/4 tsk. cayenne pipar**
**1/2 tsk. laukduft (onion powder)**
**1/2 tsk. reykt paprika**
**1/2 tsk. salt**
**safi úr 1/4 lime**

Setjið olíuna í skál, kreistið hvítlaukinn út í og hrærið kryddunum svo saman við. Setjið rækjurnar svo út í blönduna og leyfið þeim að marinerast í að minnsta kosti klukkutíma, því lengur sem þær fá að liggja því meira bragð fæst. Klárið að undirbúa afganginn af meðlætinu áður en rækjurnar eru eldaðar. Steikið rækjurnar á mjög heitri pönnu í sirka 2,5 mínútur á hvorri hlið. Kreistið svo lime safa yfir að lokum.

### Guacamole

**3 avókadó**
**1 hvítlauksrif**
**1/4 pakkning ferskur kóríander (líka stilkarnir)**
**safi úr 1/4 lime**
**salt & pipar eftir smekk.**

Blandið öllum hráefnunum vel saman í matvinnsluvél.

### Pico de gallo

**1 pakki kirsuberjatómatar**
**1 lítill rauðlaukur**
**1 jalapeño eða rautt chili**
**1 hvítlauksrif**
**1/2 bolli kóríanderlauf**
**Safi úr 1/4 lime**
**Salt & pipar eftir smekk**

Skerið allt hráefnið smátt og blandið vel saman.

### Sýrði rjóminn

**100 g 10% sýrður rjómi**
**2 msk. smátt skorin kóríanderlauf**
**safi úr 1/4 lime**

Hrærið öllum hráefnunum vel saman.

### Rauðkálssalat

**100 g rauðkál skorið þunnt**
**2 rifnar gulrætur**
**1 pakkning mini-tortillur (8 stykki)**

Hitið að lokum mini-tortillurnar á pönnu og raðið svo á þær guacamole, rauðkálssalatinu, pico de gallo, rækjunum og toppið með sýrða rjómanum. Skreytið með afgangs kóríander og njótið.




# Sumarhátíðin
## Stefnumót við Múlatorg

Hin árlega sumarhátíð Sumarhússins og garðsins og Lindarinnar verður haldin á Selfossi laugardaginn 16. júlí frá kl. 11-17. Stefnumótið er við Múlatorg á horni Eyravegar og Fossheiðar.

**Markaðsstemning, tónlist, ljósmynda- og plöntusýning**



Ljósmyndasýning Páls Jökuls í garðinum á Fossheiði 1



Tríó 3 C

Sýning á fjölærum og ætum plöntum

**Tískufatnaður, handverk, listmunir ásamt grænmeti og plöntum er til sölu á markaðnum**



Linus Orri og Jamie í hljómsveitinni Crooked chimmey sjá um tónlistina

# Allir hjartanlega velkomnir

Domino's · HÚSASMIÐJAN · LINDIN TÍSKUVERSLUN · SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN · PYLSU VAGNINN SELFOSSI · PÍPULAGNIR HELGA · SET · SUBWAY · VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf · Hamborgarabúlla Tómasar · JÖTUNN VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR · Kaffi Krús · Árvirkinn

# Þjóðhátíð

15. júlí 2016

**KYNNINGARBLAÐ**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





Anna Lilja og Elísa eru í búningagrúppu sem klæðist eins búningum eitt kvöldið á Þjóðhátíð.



Fyrir Elísu og Önnu Lilju er Þjóðhátíð fyrst og fremst fjölskylduhátíð og leggja þær mikið upp úr því að allir mæti í dalinn á daginn.



Systurnar hafa verið í hinum ýmsu gervum á Þjóðhátíð svo sem trúðar, diskódrottningar, Mary Poppins, Gyða Sól og fleira.



Anna Lilja og Elísa á góðri stund í Herjólfsdal.

# Hefur bara misst af einni Þjóðhátíð

Systurnar **Elísa og Anna Lilja Sigurðardætur** hafa mætt á Þjóðhátíð frá því þær muna eftir sér. Fyrir þeim er hátíðin fyrst og fremst fjölskylduhátíð þar sem samveran skiptir mestu máli. Bestu stundir fjölskyldunnar á Þjóðhátíð eru í hvíta tjaldinu þeirra, Staupinu.

Þjóðhátíð er stór partur af lífi systranna Önnu Lilju og Elísu Sigurðardætra. Elísa man eftir að hafa misst af einni Þjóðhátíð og hefur því farið á 38 og Anna Lilja þremur þannig að hjá henni eru það 43 hátíðir. Þær segja allt skemmtilegt við hátíðina, samveruna með fjölskyldu og vinum, röltið á milli hvítu tjaldanna og undirbúninginn fyrir herlegheitin en í honum felst að baka, finna til klæðnað, nýtt skraut í tjaldið og gera allt klárt.

„Það er líka þannig að á Þjóðhátíð koma brottfluttir Eyjamenn og það er alltaf gaman að hitta þá. Því verður þó ekki neitað að eftir að við eignuðumst dætur okkar þá breyttist hátíðin eðlilega, þó alls ekki til hins verra því þær elska hátíðina alveg eins mikið og við. En nú er Brúðubíllinn jafn vinsæll og Sálin hans Jóns míns var hér áður,“ segja þær brosandi.

## Samveran mikilvægust

Systurnar segja erfitt að taka eina Þjóðhátíð út og segja þær margar hafa verið mjög eftirminnilegar. „Árið 2002 lék veðrið til dæmis alls ekki við okkur og varð bara verra eftir því sem leið á helgina. Það breytti því ekki að það var farið með hátíðarhnallþórur í dalinn á daginn og að kvöldi reyndu menn að sitja í brekkunni. Svo var stuðið á danspallinum nýtt til þess að halda á sér hita,“ lýsir Elísa og Anna Lilja bætir við að auðvitað sé alltaf betra að hafa veðrið með sér en ef fólk ætli að skemmta sér þá geri það það.

Þjóðhátíð hjá þeim Elísu og Önnu Lilju snýst fyrst og fremst um að eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum. Þó að brennan, flugeldarnir, brekkusöngurinn og setningin séu allt skemmtilegir viðburðir, hver með sinn sjarma, segja systurnar að samveran í hvíta tjaldi fjölskyldunnar sem kallað er Staupið sé alltaf það sem standi upp úr.

„Fyrir okkur er þetta fyrst og fremst fjölskylduhátíð og leggjum við mikið upp úr því að allir mæti í dalinn á daginn. Dætrum okkar finnst gaman að vera í tjaldinu hjá ömmu. Og það að vera með tjaldið og taka þar á móti gestum skiptir mömmu okkar miklu máli.“

Eitt af því sem þeim systrum þykir skemmtilegast við Þjóðhátíð er að klæða sig upp eitt kvöldið ásamt búningagrúppu sem þær segjast gæfusamar að vera hluti af. „Við höfum verið trúðar, diskódrottningar, Mary Poppins, Gyða Sól og fleira,“ segir Anna Lilja og hlær.

## Leitað að tönn í tjaldi

Þær Elísa og Anna Lilja minnast þess að þegar þær fóru á hátíðina sem börn fengu þær oft ný föt fyrir hana sem stundum voru prjónuð og stundum saumuð. „Það var líka mikið sport að fá að fara í bekkjarbíl. Og reyndar nutum við þess að einn nágranni okkar starfrækti einn af bílunum og fengum við að hjálpa til þegar hann var gerður klár,“ segir Elísa.

Þegar þær eru beðnar um að rifja upp fleiri minningar og gamlar sögur af Þjóðhátíð í gegnum tíðina segja þær að á hverri hátíð verði til margar litlar skemmtilegar sögur. „Eins og þegar reynt var að leita að tönn inni í tjaldi. En það versta var að gólfið var þakið poppi. Einnig höfum við fengið óvænta gesti inn í stofu, en það var alveg óvart. Heimferðirnar úr dalnum hafa líka oft verið mjög skrautlegar og ótrúlega langar.“

Anna Lilja og Elísa ætla að sjálfsögðu að mæta á Þjóðhátíð í ár og gera ráð fyrir því að mæta um ófyrirséða framtíð. „Þar sem hingað til hefur hvorki meðganga, ungbörn, veður né nokkuð annað komið í veg fyrir að við mætum á svæðið ásamt fólkinu okkar.“




ÞJÓÐHÁTÍÐARSTEMNING Á TANGANUM ALLA HELGINA

Geggjað stuð með JúllaDiskó laugardag og sunnudag milli 15 og 18

Grillaður burger á pallinum og ýmsar fljótandi veigar

Opið 11:30 til 20:00 alla daga

Básaskersbrygga 8
900 Vestmannaeyjar
414 4420
tanginn@tanginn.is
tanginn.is

Kjötsúpa
Ostborgarar
Bernaiseborgarar
BBQ borgarar
Humarlokur
Kjúklingaborgarar
Kjúklingasalat
Franskar
Chili krullur

ÚTGEFANDI | 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | VEFFANG visir.is | UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439 | ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson


ALVÖRU BRAGÐ
ENGINN SYKUR
pepsi
MAX
alvöru bragð • enginn sykur
LIVE FOR NOW®

# Gömul ástarsaga vaknar í laginu

Halldór Gunnar Pálsson er höfundur Þjóðhátíðarlagsins í ár sem nefnist Ástin á sér stað. Magnús Þór Sigmundsson samdi texta eftir ljúfri ástarsögu úr Eyjum. Lagið hefur þegar náð vinsældum á útvarpsstöðvum en þeir Frikki Dór og Sverrir Bergmann flytja lagið.



Halldór Gunnar ásamt dóttur sinni í góða veðrinu. MYND/HANNA

Það eru Friðrik Dór og Sverrir Bergmann sem syngja nýja Þjóðhátíðarlagið sem verður frumflutt „live“ á föstudag í Herjólfsdal. Lagið heyrist talsvert í útvarpi og er komið á vinsældalista útvarpsstöðvanna. Halldór Gunnar samdi einnig Þjóðhátíðarlagið árið 2012, Þar sem hjartað slær, heitir það lag og hefur verið mjög vinsælt allt frá útkomu. Magnús Þór samdi einnig texta í því lagi. „Við unnum þetta saman félagarnir,“ segir Halldór.

## Ást í Eyjum

„Það var reyndar ekki Magnús sem ég hafði í huga í fyrra laginu. Ég var búinn að leita til nokkurra lagahöfunda og skoða nokkra texta. Mér fannst ég ekki fá rétta textann. Þar sem við Magnús höfum unnið mikið saman, hringdi ég í hann og bað hann að bjarga mér. Ég sagði hvað ég vildi fjalla um í laginu og hann var ekki lengi að koma textanum saman. Í seinna skiptið hringdi ég í hann aftur og bað um aðstoð. Hann sagði þvert nei og bætti við að úr því lagið hefði heppnast svo vel í fyrra skiptið, hvers vegna að gera það aftur. Síðan fór hann að hlæja, þetta var auðvitað bara djók,“ útskýrir Halldór.

„Ég sagði Magnúsi ástarsögu sem ég hafði heyrt frá fyrstu hendi fyrir löngu og hann bjó til texta úr sögunni. Þetta er fjörutíu ára gömul saga og ég þekki parið. Ég hef ekki viljað nafngreina þetta fólk sem er búsett í Eyjum. Sagan getur líka átt við svo fjölmarga aðra,“ segir Halldór.

## Allir í stuði

En hvernig fannst honum að vera beðinn um að gera Þjóðhátíðarlag í annað sinn? „Ég var ekki alveg viss í fyrstu hvort ég vildi semja annað lag. Þetta gekk svo vel í fyrra skiptið og maður er oft hræddur við samanburðinn. Síðan hætti ég að taka sjálfan mig alvarlega og kýldi á þetta. Það er mjög gaman að gera svona þjóðhátíðarlag. Lagið er sérstakt að því leyti að margir syngja með og maður sameinar fólk í söng. Það er mjög skemmtilegt. Fyrra lagið hefur lifað mjög vel og það verður gaman að fylgjast með þessu nýja.“

Halldór segir skemmtilega sögu frá því þegar hann kom í Landeyjahöfn fyrir Þjóðhátíð 2012. „Ég var að taka gítarinn út úr bílnum mínum þegar annar bíll leggur í stæðið við hliðina. Það var fullur bíll af krökkum í svaka stuði að spila lagið Þar sem hjartað slær. Ef það sama gerist núna og ég heyri lagið frá nærliggjandi bílum þá veit ég að fólki líkar við það. Ég hef reyndar fengið mjög jákvæðar viðtökur nú þegar. Þeir Frikki Dór og Sverrir eru frábærir söngvarar þannig að lífið er yndislegt, eins og einhver sagði,“ segir Halldór sem flestir þekkja sem einn af Fjallabræðrum.

## Gott samstarf

Halldór er ættaður frá Flateyri svo hann á engar æskuminningar tengdar Eyjum. „Einn félagi minn í Fjallabræðrum er Vestmannaeyingur. Fjallabræður hafa verið í miklu samstarfi við Eyjamenn, til dæmis við lúðrasveitina og Þjóðhátíð. Ég fór í fyrsta skipti á Þjóðhátíð árið 2009 með Fjallabræðrum og hef farið á allar hátíðir síðan. Það er eiginlega ekki hægt að lýsa því hvernig er á Þjóðhátíð, fólk verður að prófa sjálft. Þetta er ógleymanleg upplifun,“ segir Halldór en Fjallabræður eru á leið til Bretlands í október til að taka upp nýja plötu. **elin@365.is**

**ÁSTIN Á SÉR STAÐ**
Lag: **Halldór Gunnar Pálsson**
Texti: **Magnús Þór Sigmundsson**

Eitthvað sérstakt á sér stað
eldar lýsa ský... ég man
saman göngum þennan stíg
aftur enn á ný... ég man.
Ég klappa lófunum, ég stappa fótunum
ég fagna því að vera til
ég klappa lófunum, ég stappa fótunum
ég finn í hjarta ást og yl.
Ástfangin við göngum hér...
hjörtun slá í takt... á ný
ástin býr í mér og þér... ástin á sér stað... á ný
ástin á sér stað...
Lengi lifna minningar
logar enn í glóð... ég finn
sögu vil ég segja þér
sagan gerðist hér... eitt sinn.
Ég klappa lófunum, ég stappa fótunum
ég fagna því að vera til
ég klappa lófunum, ég stappa fótunum
ég finn í hjarta ást og yl.
Ástfangin við göngum hér...
hjörtun slá í takt... á ný
ástin býr í mér og þér... ástin á sér stað...
ástin á sér stað...
ástin á sér stað...
ástin á sér stað...
Hér í Herjólfsdal
Ástfangin við göngum hér...
hjörtun slá í takt... á ný
ástin býr í mér og þér... ástin á sér stað... á ný
Ástfangin við göngum hér...
hjörtun slá í takt... á ný
ástin býr í mér og þér... ástin á sér stað... á ný
Ástin á sér stað!




# Meiri samhugur í dalnum

Átakið Bleiki fíllinn gengur út á að fá fólk til að horfast í augu við þann glæp sem nauðgun er og undirstrika um leið mikilvægi þess að fá samþykki í kynlífi.

Forvarnarátakið Bleiki fíllinn hefur verið starfrækt kringum Þjóðhátíð í nokkur ár en markmið verkefnisins er að fá fólk til að ræða saman og horfast í augu við þann glæp sem nauðgun er og um leið að undirstrika mikilvægi samþykkis í kynlífi. „Það er alveg á hreinu að sá eini sem ber ábyrgð á nauðgun er sá sem nauðgar,“ segir Jóhanna Ýr Jónsdóttir, talsmaður átaksins og upphafsmaður þess.

Jóhanna Ýr segir gesti Þjóðhátíðar, sem og heimamenn, hafa tekið verkefninu opnum örmum og sýnt því stuðning, bæði með því að kaupa varning til styrktar átakinu en ekki síður með því að passa betur upp á náungann. „Við sýnum t.d. stiklur á stóru skjáunum í dalnum. Ein þeirra bendir gestum á að sýna samhug, passa upp á hver annan og að hika ekki við að láta gæslufólkið vita ef það sér eitthvað athugavert. Það hefur svínvirkað því gæslufólkið talar um að gestir hátíðarinnar séu mikið öflugri í að láta vita ef þeir sjá eitthvað sem þeim mislíkar.“



Jóhanna Ýr Jónsdóttir (t.v.) er talsmaður Bleika fílsins. Með henni er Drífa Pöll Arnardóttir sem starfar mikið með henni.

## Umræðan opnuð

Auk átaksins hefur Þjóðhátíðarnefnd sett upp öryggismyndavélar víðsvegar um dalinn og salernisaðstaðan hefur verið kynjaskipt frá árinu 2014. „Sálgæsla hefur verið í boði í mörg ár en árin 2011-2012 voru smíðaðar nýjar og endurbættar vinnureglur. Sett var á fót áfallateymi en þar starfa sálfræðingar, félagsfræðingur og starfsfólk félagsþjónustu. Teymið er á vakt allan sólarhringinn á meðan hátíðin stendur yfir.“

Mestu máli skiptir þó að mati Jóhönnu Ýrar að opna umræðuna, nauðgun sé ofbeldisglæpur sem hafi grafalvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir fórnarlambið og ekkert réttlætir hana. „Þó einhver daðri við þig fyrr um kvöldið er það ekki vilyrði um nokkurn skapaðan hlut þegar líður á kvöldið. Ef einhver í vinahópnum er grunaður um að haga sér eins og „bleikur fíll“ þá ber okkur skylda til að láta vita að það sé ekki í lagi. Slík hegðun er ógeðsleg og ekkert kúl við hana né að líta í hina áttina. Ef samþykkið vantar er það nauðgun, ef það hefur ekki heyrst skýrt já, þá er það nauðgun. Þetta er ekkert flókið.“




# BROTTFARIR FRÁ VESTMANNAEYJUM OG LANDEYJAHÖFN 28. JÚLÍ – 2. ÁGÚST 2016

### 28. JÚLÍ – FIMMTUDAGUR FYRIR ÞJÓÐHÁTÍÐ

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BROTTFÖR VEY | - | 08:50 | 10:50 | 12:50 | 15:50 | 17:50 | 19:50 | 21:50 |
| BROTTFÖR LAN | 08:00 | 10:00 | 12:00 | 14:00 | 17:00 | 19:00 | 21:00 | 23:00 |

### 29. JÚLÍ – FÖSTUDAGUR Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BROTTFÖR VEY | - | 08:50 | 10:50 | 12:50 | 15:50 | 17:50 | 19:50 | 21:50 |
| BROTTFÖR LAN | 08:00 | 10:00 | 12:00 | 14:00 | 17:00 | 19:00 | 21:00 | 23:00 |

### 30. JÚLÍ – LAUGARDAGUR Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| BROTTFÖR VEY | 08:30 | 11:00 | 13:30 | 16:00 |
| BROTTFÖR LAN | 09:45 | 12:30 | 14:45 | 17:15 |

### 31. JÚLÍ – SUNNUDAGUR Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BROTTFÖR VEY | 06:00 | 08:30 | 11:00 | 13:30 | 16:00 |
| BROTTFÖR LAN | - | 09:45 | 12:30 | 14:45 | 17:15 |

### 1. ÁGÚST – FRÍDAGUR VERSLUNARMANNA – MÁNUDAGUR EFTIR ÞJÓÐHÁTÍÐ

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| BROTTFÖR VEY | 02:00 | 04:00 | 06:00 | 08:00 | 10:00 | 13:00 | 15:00 | 17:00 | 19:00 | 21:00 | 23:00 |
| BROTTFÖR LAN | - | - | 06:50 | 08:50 | 10:50 | 13:50 | 15:50 | 17:50 | 19:50 | 21:50 | 23:50 |

### 2. ÁGÚST – ÞRIÐJUDAGUR EFTIR ÞJÓÐHÁTÍÐ

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BROTTFÖR VEY | 08:30 | 11:00 | 13:30 | 16:00 | 18:30 | 21:00 |
| BROTTFÖR LAN | 09:45 | 12:30 | 14:45 | 17:15 | 19:45 | 22:00 |

# VIÐ KOMUM ÞÉR Á ÞJÓÐHÁTÍÐ

Farþegar Herjólfs eru hvattir til að leggja tímanlega af stað til Landeyjahafnar og gefa sér góðan tíma í akstur. Vegalengdin frá Reykjavík til Landeyjahafnar er um 140 km og má búast við mikilli umferð. Aksturinn tekur um 2 klst. frá Reykjavík. Mæting í Landeyjahöfn er 2 klst. fyrir brottför. Góð leið til að tryggja að allt gangi samkvæmt áætlun er að taka Strætó alla leið. Þá er hægt að njóta ferðarinnar og fá akstur alveg upp að afgreiðsluhúsinu.

**Allir brottfararmiðar verða skannaðir inn og mikilvægt að passa vel upp á miðana.**

Á mánudeginum er mikill álagstími og hvetjum við fólk til að bíða rólegt þar til þeirra ferð nálgast.

Allar nánari upplýsingar má finna á **herjolfur.is**

Við minnum að lokum alla þá sem eru á ferðinni á að spenna beltin og eftir einn ei aki neinn.

EIMSKIP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | eimskip.is






# Fagna lífinu í stað þess að flækja það

**Sylvía Erla Melsted** er tvítug söngkona af Seltjarnarnesi og eldheitur Beyoncé-aðdáandi. Hún sendi frá sér glænýtt lag í gær, Celebrate, en fyrir höfðu lög hennar Gone og Getaway notið mikilla vinsælda. Sylvía mun troða upp á Þjóðhátíð í ár.

„Ég var að klára Verzlunarskóla Íslands og stefni ekki á meira nám að svo stöddu. Núna get ég einbeitt mér 100% að tónlistinni. Hún hefur verið mín atvinna í sumar ásamt því að að vinna að heimildarmynd um lesblindu og fjölda verkefna í kringum hana. Svo ætla ég eitthvað til útlanda,“ segir söngkonan Sylvía Erla Melsted um sumarplönin.

Sylvía sendi frá sér glænýtt lag í gær, Celebrate, en áður höfðu lögin Getaway og Gone notið mikilla vinsælda. Eins og titillinn gefur til kynna fjallar nýja lagið um það að fagna lífinu.

## Fagna og hafa gaman

„Ég samdi textann en Printz Bord og ég sömdum lagið í sameiningu. Ég elska þetta lag og textinn á líka svo vel við í dag. Að fagna lífinu og hafa gaman, eins og við gerðum þegar landsliðinu okkar gekk vel á EM. En við eigum ekki bara að fagna þegar vel gengur, heldur fagna öllum stundum í lífi okkar. Tíminn okkar er svo dýrmætur, við verðum að nýta hann vel. Við eigum ekki að eyða tímanum í að flækja lífið og vera með almenn leiðindi. Lagið er um það, þó að á móti blási þá má maður ekki láta það eyðileggja skapið og viðhorf sitt til lífsins, heldur höldum við áfram og þegar við trúum að allt verði betra þá verður allt betra. Við eigum að njóta og lifa og hafa gaman þar til yfir lýkur!“

## Hálfan dag á þjóðhátíð

Sylvía mun koma fram á Þjóðhátíð í ár. Sjálf hefur hún einungis einu sinni áður farið á Þjóðhátíð og hlakkar því mikið til.

„Ég fór með mömmu minni og kærastanum. Við vorum bara í hálfan dag en ég fékk að upplifa brekkusönginn sem var geggjað. Það leggst mjög vel í mig að koma sjálf fram og ég er spennt,“ segir hún en það vakti athygli þegar tilkynnt var um þátttöku hennar og Ragnhildar Gísladóttur í dagskrá Þjóðhátíðar, þar sem þótti halla á konur.

„Það hefði verið gaman að hafa fleiri konur með í ár því við eigum svo ótrúlega mikið af flottum tónlistarkonum. En á Íslandi erum við svo heppin að eiga svo mikið af frábæru tónlistarfólki að ég held að það sé mjög erfitt að velja. Ég hef það samt á tilfinningunni að það verði kona sem mun syngja næsta þjóðhátíðarlag #girlpower!“

## Beyonce og mamma fyrirmyndirnar

*Áttu þér fyrirmynd í tónlistarheiminum?* „Þeir sem þekkja mig vita að það er engin önnur en Beyoncé. Það er ekki hægt að elska hana meira en ég geri. Hún er án gríns fyrirmynd mín í lífinu líka og auðvitað mamma mín,“ segir Sylvía brosandi. „Dans og söngur hefur verið mitt áhugamál síðan ég man eftir mér. Ég byrjaði að læra á píanó í Suzuki fjögurra ára gömul. Mamma var búin að skrá mig þegar ég var bara nokkurra mánaða. Síðan var ég í söngskóla Maríu Bjarkar og síðastliðin ár hef ég verið að læra óperu hjá Alínu Dublik og ég ætla að halda áfram að bæta við mig söngstigum hjá henni. Ég hætti að æfa á píanó 12 ára en bý enn þá að náminu. Ég sem stundum á píanó.“

*Hvernig semurðu lögin?* „Ég sem alltaf söguna fyrst sem ég vil segja, síðan finn ég laglínu og set söguna í texta. Textarnir og sagan skipta mig miklu máli. En ég hef stundum strandað og kem ekki sögunni í texta og þá bara finn ég einhvern til að gera textann við söguna. Ég hef verið að vinna með fólki héðan og þaðan. Ég er búin að vinna með strákunum í Stop Wait Go, Lárusi Arnarsyni, stráknum í September, Mike Erikson frá Svíþjóð og einnig Printz Board frá L.A.

*Hvað ertu sjálf að hlusta á?* „Ég hlusta á flestalla tónlist. Mest á Beyoncé, Erykah Badu, Micheal Jackson, Drake, The Weekend, elska samt að hlusta á eldri tónlist. Eins og Arethu Franklin, Billy Holiday og Jackson 5.“

**heida@365.is**



Sylvía Erla Melsted sendi frá sér glænýtt lag í gær. Hún mun koma fram á Þjóðhátíð í ár og hlakkar mikið til. MYNDIR/SAGA SIG



„Þó að á móti blási má maður ekki láta það eyðileggja skapið og viðhorf sitt til lífsins, heldur höldum við áfram og þegar við trúum að allt verði betra þá verður allt betra. Við eigum að njóta og lifa og hafa gaman þar til yfir lýkur!“




# ÖSKRANDI GOTT Á ÞJÓÐHÁTÍÐ!

GOTT MEÐ FLATKÖKUM OG HANGIKJÖTI.
EÐA ... NEI ... BETRA BARA EITT SÉR.

**LION - BAR-A-GAMAN**

Floridana

LIFÐU VEL



100% SAFI

Einstök blanda




# NÝR EPLA- OG RABARBARASAFI

= 1 AF ÞÍNUM 5 ÁVÖXTUM Á DAG*

**FLORIDANA EPLA- OG RABARBARASAFI** er spennandi blanda úr 80% eplum, 10% rabarbara, 6% hindberjum, 3% jarðarberjum og 1% aroniaberjum.

FLORIDANA.IS

GÆÐASAFAR | GEYMAST Í KÆLI

*Rannsóknir sýna að neysla grænmetis og ávaxta er einn af lykilþáttum góðrar heilsu.


Egils
Kristall
Það sést hverjir drekka Kristal
JANÚAR




Þór og Týr skiptust á um að halda Þjóðhátíð, þetta árið hefur Týr séð um hátíðahöldin.



Tjörnin og hvítu tjöldin, ómissandi á Þjóðhátíð. MYNDIR/BYGGÐASAFN VESTMANNAEYJA




Þór sá um Þjóðhátíð árið 1950.




Göturnar eiga allar sitt nafn. Hér eru heldri hjón á Æskubraut.



Um tíma var Þjóðhátíð mikill íþróttaviðburður.

# Nærri 150 ára saga Þjóðhátíðar

Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum er ekki aðeins gítarspil og glens. Hátíðin á sér langa og farsæla sögu sem rakin er á vefsíðunni Heimaslóð.

Fyrsta vísi að Þjóðhátíð má rekja til 19. aldar þegar Pétur Bryde, eigandi Brydebúðar, bauð starfsfólki sínu árlega í Herjólfsdal til hátíðahalda. Pétur þessi kostaði, árið 1859, endurnýjun vegarins niður í Herjólfsdal en hann hafði í nokkur ár rekið þar garð sem hét Þórulundur, eftir konu hans. Garðurinn var eyðilagður árið 1932 þegar hlaupabraut var gerð umhverfis tjörnina.

Fyrsta eiginlega Þjóðhátíðin var haldin sunnudaginn 2. ágúst árið 1874 í Herjólfsdal. Þá mættu í dalinn um 400 manns um hádegisbilið, reistu tjöld við suðurhlið tjarnarinnar og hlóðu veisluborð úr torfi og grjóti vestan við tjaldbúðirnar. Enn sjást leifar af því nálægt hringtorginu. Tjöldin og Herjólfsdys voru prýdd fánum og borðum. Flutt var minni konungsins, Íslands og Jóns Sigurðssonar og hleypt af fallbyssuskotum. Eftir kaffidrykkju hófst dansleikur undir berum himni. Eftir þetta var Þjóðhátíð haldin nokkrum sinnum í viðbót, yfirleitt um miðjan ágúst.

Um 1901 hafði hátíðarhaldið þróast meira út í íþróttaviðburð. Þá var kappróður einn dagskrárliða. Eftir hann var gengin skrúðganga inn í dalinn og hann skreyttur. Flutt var minni konungs, Íslands og Vestmannaeyja, og hófust þá íþróttaviðburðir: glíma, kapphlaup og fleira. Síðar um kvöldið voru kaffiveitingar og sódavatn á boðstólum í tjöldunum, en áfengi stóð ekki til boða. Frá þeirri Þjóðhátíð hefur hún verið haldin nánast óslitið.

Eftir Heimaeyjargosið 1973 var mikill vikur og gjall í Herjólfsdal og var hann ekki hreinsaður almennilega fyrr en 1976. Því var Þjóðhátíð haldin suður á Breiðabakka í nokkur ár.

Herjólfsdalur var hreinsaður og tyrfður árið 1976, sem var stórt og mikið verkefni. Ári síðar héldu Týrarar fyrstu Þjóðhátíðina í Herjólfsdal eftir gosið.

Fram til ársins 1996 skiptust íþróttafélögin Þór og Týr á að halda Þjóðhátíðina, þá sameinuðust þau í ÍBV sem hefur staðið að skipulagningu hátíðarinnar síðan.

**Heimild: www.heimaslod.is**



# ALLT HEFST MEÐ




NESCAFÉ

# Bærinn allur undirlagður

Sigurður Gíslason er Vestmannaeyingur í húð og hár og hefur sótt Þjóðhátíð frá því hann fæddist. Honum finnst hátíðin fara batnandi og segir ungt fólk almennt sýna betri umgengni en fyrir tuttugu árum.



Sigurður og Berglind á góðri stundu í dalnum á Þjóðhátíð.

„Mér finnst hátíðin hafa breyst til batnaðar og það er flottara ungt fólk að sækja hátíðina í dag en þegar ég var ungur. Það var ansi mikið drukkið á þeim árum og ég man að þegar við vorum að byrja að reka veitingastaðinn þá vorum við mikið að pæla í því hvort við þyrftum ekki að færa ákveðin húsgögn og taka myndir og skraut af veggjunum því við reiknuðum með svo slæmri umgengni. En allir sem koma til okkar ganga mjög vel um og af virðingu fyrir staðnum,“ segir Sigurður og bætir við: „Yfir daginn er miklu siðmenntaðra andrúmsloft en var fyrir tuttugu árum. Og skipulagið er miklu betra, gæslan meiri og utanumhaldið betra. Allir eru svo einbeittir í því að þetta gangi vel.“

Hann segir Eyjamenn enn taka virkan þátt í hátíðinni. „Fjölskyldan mín hefur til dæmis alltaf verið með hvítt tjald inni í dal og þegar pabbi og mamma treystu sér ekki lengur til að vera með allan þungann af því þá tók bara næsta kynslóð við. Hvítu tjöldunum þar sem heimamenn taka á móti gestum fækkar ekkert milli ára. Og mikið af hefðum sem við fjölskyldan höfum í heiðri, kjötsúpa hjá bróður mínum á föstudeginum, vinir okkar sem koma sumir á hverju ári og svo framvegis.“

Sigurður rekur veitingastaðinn Gott í Vestmannaeyjum ásamt konu sinni Berglindi Sigmarsdóttur en þau eru bæði innfæddir Eyjamenn. „Við erum á fullu á veitingastaðnum alla hátíðina en reynum að missa ekki af brennunni og flugeldasýningunni og brekkusöngnum á sunnudeginum. Við lokum veitingastaðnum klukkan átta á kvöldin svo starfsfólkið og allir komist inn í dal og svo fáum við fullt af kokkum og fólki í salinn til að aðstoða okkur svo heimafólkið geti notið hátíðarinnar.“ Á Þjóðhátíð tíðkast það að Eyjamenn bjóða vinum og ættingjum af meginlandinu að gista og Sigurður kann skondna sögu af Þjóðhátíð sem tengist því. „Fyrir nokkrum árum bjó bróðir minn í millibilsástandi í kjallaranum heima hjá pabba og mömmu og hann átti rosaflott vatnsrúm. Þegar hann kemur heim á laugardagskvöldið þá liggur einhver í rúminu hans. Hann gengur náttúrlega út frá því að mamma hafi leyft einhverjum að gista og leggst bara á gólfið og sefur þar um nóttina. Svo kemur hann upp í eldhús morguninn eftir og spyr mömmu: „Hvaða frændi er í rúminu mínu núna?“ Þá segir mamma: „Hvaða frændi? Ég leyfði engum að gista, ég hélt að þetta væri einhver vinur þinn!“ Svo þau fara niður að kanna málið og vekja manninn sem hrýtur í fína vatnsrúminu og spyrja hver hann sé og hvaða erindi hann eigi heim til þeirra. Þá snýr maðurinn sér við og segir: „Ha? Er þetta ekki skátaheimilið?“ Þetta sýnir hvernig bærinn er undirlagður af hátíðinni og gestrisnin allsráðandi.“



Gerður Kristný á góðar minningar frá Þjóðhátíð og er afar þakklát þeim sem stal tjaldinu hennar.

# Hvar er tjaldið?

**Gerður Kristný** byrjar að raula Eyjalög um mitt sumar og saknar ekkert Tal-tjaldsins sem var stolið af henni í Herjólfsdal á Þjóðhátíð 2002.

Gerður Kristný, rithöfundur og ljóðskáld, heillaðist strax á sinni fyrstu Þjóðhátíð og fær alltaf fiðring þegar nálgast verslunarmannahelgina. „Þegar kemur fram á mitt sumar stend ég mig að því að raula Eyjalög, sér í lagi Vináttu með Hreimi og Lundakvartettinum því það er þjóðhátíðarlagið mitt. Ég fór á Þjóðhátíð í Eyjum sumarið 2002 til að skrifa bókina Ég veit þú kemur. Hátíðin er ævintýri líkust. Fólkið sem ég kynntist þar var mér svo gott. Líklega er ég samt þakklátust þeim sem stal Tal-tjaldinu mínu. Mig langaði aldrei mikið til að þurfa að gista í því.“

# Aðeins öðruvísi Þjóðhátíð

Árið 1982 var Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum ekki haldin um verslunarmannahelgina heldur viku síðar, dagana 6. til 8. ágúst. Ástæðan var sú að árinu áður hafði farið fram mikil umræða meðal heimamanna um fyrirkomulag hátíðarinnar. Mörgum þótti of hátt hlutfall gesta vera aðkomumenn, á meðan of margir Eyjamenn flúðu upp á land meðan hátíðin stóð yfir. Auk þess var stærstur hluti skemmtikrafta undanfarinna ára af meginlandinu og lítið um heimamenn í hópi skemmtikrafta.

Það var íþróttafélagið Þór sem sá um skipulag Þjóðhátíðar 1982 og var tekin sú ákvörðun að hafa Þjóðhátíð í svokölluðum Eyjastíl þar sem flestir skemmtikraftar voru úr röðum heimamanna á meðal þeirra 60 atriða sem boðið var upp á.

Breytt fyrirkomulag skilaði þó ekki mörgum gestum og varð mikið tap á hátíðinni. Síðan þá hefur fyrirkomulag hennar verið óbreytt; hún er haldin um verslunarmannahelgi, flestir af frægustu listamönnum þjóðarinnar skemmta þar og gestir af meginlandinu eru jafnan í miklum meirihluta.

Hátíðin er helst eftirminnileg fyrir þær sakir að Stuðmenn tóku upp rigningaratriðið fræga frá Brekkusviðinu sem birtist síðar í kvikmyndinni Með allt á hreinu.



Ragnhildur Gísladóttir og Egill Ólafsson í léttri sveiflu í dalnum árið 1982.



Mjög góð stemning ríkti í dalnum á meðan Stuðmenn léku sín vinsælustu lög.


CINTAMANI
DESIGNED & TESTED IN ICELAND
WWW.CINTAMANI.IS

# Kærleikur, gleði og stemning

Það er alltaf einstök upplifun að sækja Þjóðhátíð heim um verslunarmannahelgina. Dagskráin er fjölbreytt að venju og boðið upp á mörg glæsileg tónlistaratriði. Fyrir flesta hátíðargesti eru brennan, flugeldasýningin og brekkusöngurinn hápunktar Þjóðhátíðar.

Þjóðhátíð í Vestamannaeyjum hefst föstudaginn 29. júlí og er dagskrá hátíðarinnar stórglæsileg eins og endranær og höfðar til allra aldurshópa. Boðið verður upp á um 30 tónlistaratriði auk fjölda annarra skemmtiatriða á nokkrum sviðum enda segir Dóra Björk Gunnarsdóttir, einn meðlima Þjóðhátíðarnefndar, það vera markmið Þjóðhátíðarnefndar að bjóða upp á dagskrá sem henti öllum gestum hátíðarinnar. „Yngstu gestir Þjóðhátíðar eru fæddir 2016 og þeir elstu í kringum 1920 þannig að aldursdreifingin hjá hátíðargestum er mjög mikil. Hvert tónlistar- og skemmtiatriði hefur sinn sjarma þó svo að ekkert eitt atriði nái til allra gesta hátíðarinnar.“ Margir vinsælustu tónlistarmenn og hljómsveitir landsins troða upp, m.a. Retro Stefson, Quarashi, Jón Jónsson og Úlfur Úlfur.


Dóra Björk Gunnarsdóttir situr í Þjóðhátíðarnefnd 2016.



Brennan, flugeldasýningin og brekkusöngurinn eru hápunktar Þjóðhátíðar fyrir flesta gesti hennar.

### Enginn svangur

Það eru rúmlega 140 ár síðan Þjóðhátíð var fyrst haldin og hefur hún því eðlilega þróast gegnum árin. Á síðasta ári voru kynntar til sögunnar nýjungar varðandi aðkomuna að hátíðarsvæðinu og segir Dóra Björk að sú þróun muni halda áfram. „Núna eru t.d. allir miðar stafrænir og því verða allir gestir Þjóðhátíðar 2016 „dúddaðir“ inn í dalinn. Því er mikilvægt að allir mæti með miðana sína útprentaða en það flýtir mikið fyrir afgreiðslu. Það er gott að minna þá sem keyptu ferjumiða í gegnum dalurinn.is að passa vel upp á strikamerkið sitt því sama strikamerkið er notað í ferjuna og inn í dalinn. Munavarslan verður aðeins flutt til í dalnum og svo verðum við með þrjú tjöld á svæðinu sem sjá um að enginn verður svangur eða þyrstur í dalnum um helgina.“

### Einstök upplifun

Þjóðhátíð er alltaf jafnvinsæl og laðar til sín fólk á öllum aldri, ár eftir ár. „Upplifunin er svo einstök, í raun má ekkert mannsbarn missa af Þjóðhátíð. Kærleikurinn, gleðin og stemningin er einstök í dalnum. Brennan, flugeldarnir og brekkusöngurinn eru hápunktar hátíðarinnar á hverju ári og þá skiptir engu máli þó maður hafi upplifað þetta margoft, upplifunin er alltaf einstök.“

Þótt aðalfjörið verði í dalnum á meðan Þjóðhátíð stendur yfir má einnig sækja ýmsa viðburði og þjónustu í bænum. „Veitingastaðir og verslanir haga opnunartíma sínum eftir dagskrá Þjóðhátíðar á hverju ári. Sundlaugin er sívinsæll viðkomustaður til að slaka á og fá sér hressandi sundsprett en hún verður opin frá kl. 10-17 á föstudag og milli kl. 10 og 20 laugardag til mánudags. Auk þess verða Eldheimar opnir á laugardag og sunnudag frá kl. 13-18 og svo mun karlalið ÍBV mæta FH í bikarkeppninni annaðhvort á fimmtudag eða laugardag en það fer eftir gengi FH-inga í Evrópukeppninni.“


Gott er að grípa sér kjúklingatortillu til matar í tjaldinu á Þjóðhátíð.


Pastasalat er seðjandi og því sniðugur kostur í ferðanestið.

# Gott í gogginn fyrir Þjóðhátíðina

Það er sniðugt að vera vel birgur af gómsætum mat á Þjóðhátíð. Hér eru uppskriftir að nokkrum hentugum réttum í kæliboxið sem eru gómsætir heitir jafnt sem kaldir. Pastasalat og kjúklingatortillur eru saðsamir réttir og múslístykki keyrir upp orkuna þegar á þarf að halda.

Mikilvægi góðs matar í nestiskörfunni verður seint dregið í efa hvort sem ferðinni er heitið á Þjóðhátíð eða bara út í næsta lystigarð. Eldaður matur sem gefur væna fyllingu og bragðast vel kaldur er sniðugt val í kæliboxið. Einnig réttir sem krefjast þess ekki endilega að vera borðaðir af diski með hnífapörum. Hér eru uppskriftir að tveimur réttum sem falla undir þessi skilyrði; kalt pastasalat og mexíkóskar kjúklingatortillur. Auk þess fær hér að fylgja með uppskrift að múslístöng sem gott er að hafa í vasanum þegar hungrið sverfur að og bæta þarf á orkubirgðirnar á meðan dansað er í Herjólfsdal.

### PASTASALAT MEÐ TÓMÖTUM OG ÓLÍFUM

**Fyrir átta**

400 g pastaskrúfur
2 agúrkur, saxaðar
½ laukur, fínsaxaður
10 kirsuberjatómatar, skornir í fernt
¾ bolli steinlausar svartar ólífur, niðurskornar
1 bolli ítölsk salatdressing

Sjóðið pastað í saltvatni og kælið það svo. Blandið köldu pasta við agúrku, lauk, tómata og ólífur í stórri skál. Hellið salatdressingunni yfir og blandið vel saman. Setjið í loftþétt box og geymið í kæli.

### MEXÍKÓSKAR KJÚKLINGATORTILLUR

**Fyrir tvo**

2 msk. ólífuolía
6 mjúkar hveitikökur (tortillur)
175 g rifinn ostur
250 g eldaður kjúklingur, niðurskorinn
2 tómatar, í sneiðum
1 stór lárpera (avókadó)
2 tsk. sítrónusafi
Handfylli af söxuðum kóríander
Salt og pipar

Byrjið á því að búa til guacamole. Takið steininn úr lárperunni, skerið hana í tvennt, afhýðið og stappið með sítrónusafanum. Bætið smávegis kryddi við eftir smekk.

Hitið 1 msk. af olíu á steikarpönnu á meðalhita. Setjið eina tortillu á pönnuna, stráið handfylli af osti yfir annan helming hennar og svo einnig dálítið af kjúklingi og nokkrum tómatsneiðum. Kryddið með salti, pipar og kóríander. Eldið í nokkrar mínútur þar til osturinn er bráðinn, brjótið svo tortilluna til helminga og steikið hana þar til hún er orðin stökk. Takið tortilluna af pönnunni og skerið hana í fernt. Endurtakið með allar tortillurnar.


Múslístykki er gómsætt að fá sér þegar svengdin segir til sín.

Eftir að tortillurnar hafa kólnað er þeim pakkað inn í bökunarpappír og þær settar í box. Setjið guacamole-ið í lítið box og bætið því svo á tortillurnar þegar ætlunin er að gæða sér á þeim.

### MÚSLÍSTÖNG MEÐ SÚKKULAÐI OG TRÖNUBERJUM

**12 stangir**

2 bollar haframjöl
1 ¼ bolli hnetusmjör
1 bolli mulin hörfræ
¾ bolli hunang
¾ bolli þurrkuð trönuber
½ bolli súkkulaðidropar
¼ bolli saxaðar möndlur

Blandið öllum hráefnum vel saman í skál. Setjið blönduna svo í eldfast mót og þjappið henni vel saman þannig að yfirborðið verði slétt. Gott er að nota bakhlið sleifar til þess. Kælið í ísskáp í að minnsta kosti klukkustund. Skerið svo í tólf jöfn stykki og pakkið hverju þeirra inn í bökunarpappír og plastfilmu.

Höfum opnað nýja stórglæsilega verslun á 4 hæðum 2000m²

LAUGAVEGUR 91

# ICEWEAR MAGASÍN

## Allt í útileguna um Verslunarmannahelgina





**MIKIÐ ÚRVAL AF ÚTIVISTAR-FATNAÐI OG ANNARRI FERÐAVÖRU**



- Tjöld
- Tjalddýnur
- Svefnpokar
- Bakpokar
- Útilegubúnaður
- Gönguskór
- Regngallar
- Sundfatnaður
- Sólgleraugu
- o.fl. o.fl.






VERSLANIR ICEWEAR

**REYKJAVÍK** AUSTURSTRÆTI 5 · VESTURGATA 4 · ÞINGHOLTSSTRÆTI 2-4 · LAUGAVEGUR 1 · LAUGAVEGUR 91
FÁKAFEN 9 **OUTLET** · **GARÐABÆR** MIÐHRAUN 4 · **AKUREYRI** HAFNARSTRÆTI 106 · **VÍK Í MÝRDAL** AUSTURVEGUR 20

Netverslun **www.icewear.is**
frí heimsending um allt land


ÞINN TÍMI
ÞINN
TUBORG
TUBORG
GENUINE QUALITY
ENJOYED SINCE 1880
TUBORG
COPENHAGEN DENMARK
GREEN
ENJOYED
TUBORG
SINCE 1880
TUBORG
LÉTTÖL


ÚTSÖLULOK
3 VERÐ
2500.-
5000.-
7500.-
COSMO
Kringlunni

## BÍLAR & FARARTÆKI

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**SJÓÐHEITUR SNATTARI!!!**
'11 HYUNDAI i10, EK 106 Þ.KM, BENSÍN, BEINSK.....ÓGISSLEGA SÆTUR OG HAGKVÆMUR!!! TILBOÐSVERÐ 820 ÞÚS!!! #470959. S: 580 8900



**VRÚMM, VRÚMM!!!**
'03 SUZUKI VL800 VOLUSIA. NÝSKOÐAÐ MEÐ APARÓLU....BORN TO BE WILD!!! ÁSETT 580 ÞÚS!!! #460056. S: 580 8900



**EASY PICKUP!!!**
'07 ISUZU D-MAX. EK 163 Þ.KM, DÍSEL, SJÁLFSK.ER Á STAÐNUM... GRÍPT'ANN MEÐ ÞÉR!!! ÁSETT 1.880 ÞÚS!!! #470806. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



TEC. 515 TDF árg 2006 nýskoðað, markísa, alde hitakerfi 2 rafgeymar,sjónvarp, sólarsella,verð 2.480.000 þ vel með Farið hýsi raðn. 122352.

**Ferðavagnamarkaður**
**Breiðhöfði, 110 Reykjavík**
**Sími: 659 2452**
**Sérhæfum okkur í ferðavögnum.**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

SPARI bill



Opel Combo sendibíll 9/2007 ekinn aðeins 118 þús. km. Sami ökumaður alla tíð. Smurbók. Rennihurð á báðum hliðum. Dráttarkrókur. 100 % lan mögulegt. Verð aðeins 980.000,-

**Sparibíll ehf**
**Fiskislóð 16, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**




100 bílar bílasala .is



Renault Clio Exspression, 5/2015, ekinn 68, disel, ssk, flottur bíll, á staðnum, ásett verð 2290 þús, raðnr 152420

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga, lokað laugardaga**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**MJÖG GÓÐUR BÍLL**
Subaru Impreza, árg. 2005, ek.170þús nýlega skoðaður. Verð 800.000. S: 7705035



Nissan Murano 2005 ek.200þús Bíllinn lítur vel út og er í góðu standi en er með bilaða sjálfskiptingu óska eftir tilboðum Uppl.í s. 6960080



**DEKURBÍLL - LÍTIÐ EKINN !**
VW Polo 1,4 comfortline. 2010, tveir eigendur, ekin 51. þús km. 5 gíra, ný vetradekk fylgja, ný skoðaður, dekurbíll. verð. 1.580.000,- Uppl. í s. 8223322

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólhýsi



Til sölu nýtt Hobby Prestige 650KFU hjólhýsi. ALDE, 3 kojur, bakaraofn o.m.fl. Tilbúið í ferðalagið. Frábært fjölskylduhús Skoða skipti á ferðavagni eða bíl Verð 5.990 þkr. Uppl. í s. 862-5180 og ottobiering@gmail.com

## Fellihýsi




## Bátar




## Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.




## Varahlutir




Vantar þig VARAHLUTI HRATT að utan? SKOÐAÐU ÞÁ!! ATH BÍLL KEMUR 1 ÁGÚST... VANTAR ÞIÐ VÉL EÐA ANNAÐ STÓRT AÐ UTAN HRINGDU NÚNA Í SÍMA 788-8897 Útvegum varahluti að utan á 2-10 dögum, stórir eða litlir hlutir ekkert mál. Vélar, skiptingar, gírkassar, spíssar, mælaborð, loftbúðar, öryggisbelti, túrbínu, tölvuheilar eða bara bremsuklossar. Orginal eða aftermarket varahlutir, notaðir eða nýjir við getum reddað því. Endilega sendið fyrirspurnir á pantanir@fastparts.is eða hringið í síma 788-8897 (Íslenska) 784-2042 (Enska)

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Garðyrkja

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.



## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Nudd. Slökunar og heilsunudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 853 3059

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU 285 FM IÐNAÐARBIL Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 3ja - 4ja herb, íbúð í lyftublokk Háholt 220 Hfj. Langtímaleiga. Bílastæði í bílakjallara fylgir. Uppl. í s. 893 9777

## Húsnæði óskast

Herb. eða studio íbúð óskast til leigu á höfuðborgarsv. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 650 3707

## Atvinnuhúsnæði

Óskum eftir lagerhúsnæði 100-120fm á stór RVK svæðinu. Uppl. sendist á isko@simnet.is eða í s. 698 2818

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

A1 Málun

Óska eftir málara eða manni með mikla reynslu. Uppl. í s. 660 1787 a1malun@a1malun.is

Óska eftir mönnum í húsa og lóðafrágang. Góð laun laun í boði. Uppl. í s. 626 5948

Atvinna í boði. Óska eftir aðstoðarmanni í múr og sprunguviðgerðir. Uppl. í síma 618 5286 Þórður

**BÍLALEIGA**
í miðbæ reykjavíkur óskar eftir öflugum starfsmönnum í bílaþvott og önnur tilfallandi verkefni.
**Áhugasamir sendi upplýsingar á oskar@procar.is**

**NONNABITI**
Hressa og duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabita, fullt starf/hlutastarf.
**Umsóknir sendist á nonnabiti@nonnabiti.is eða S. 899 1670 Björk**

## Atvinna óskast

**PROVENTUS STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.
**Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is**




## markaður




**Símar 662 7222 og 578 6262**
**Vefverslun: vonogbjargir.is**
**Viltu gefa kompudót, fatnað, bækur og fleira? ...við sækjum.**
**Höfum kaupendur að heilum búslóðum og lagerum.**

## atvinna

**Blikksmiður / Nemi**

Blikksmiðjan Vík ehf. óskar eftir að ráða blikksmið eða starfsmann vanan málmsmíði.

Einnig óskum við eftir að ráða nema til starfa.

**Umsóknir sendist á eyjolfur@blikkvik.is**
**Öllum verður svarað.**

BLIKKSMIÐJAN VÍK

## til leigu

**HÁRGREIÐSLUFÓLK OG NAGLAFRÆÐINGAR ATH.**
Stóll til leigu og naglaborð, góð aðstaða, næg bílastæði og sanngjörn leiga.

Uppl. sendist á begga@hairbrush.is eða á staðnum (Hæðasmári 4, 201 Kóp.)
S. 551-7770/659-4135 (Begga).

HAIRBRUSH HAIR & AIRBRUSH STUDIO

## skemmtanir




# Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*



# Hljómsveitin AMIGOS

**Arnar Freyr, Jóhann Ingva, Jón Kjartan og Jón Borgar spila um helgina.**

**Allir velkomnir**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Austan 8-15 m/s og rigning í dag, hvassast syðst, en úrkomulítið fyrir norðan og vestan. Dregur úr vindi og úrkomu um kvöldið, en áfram strekkingur og rigning austanlands. Hiti 9 til 18 stig, hlýjast á Vesturlandi.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15° | 12° | 10° |
| ↘3 | ←7 | ←5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 13° | 14° |
| ↙5 | ↑2 | ↘2 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 11° | 15° |
| ↖7 | ↗8 | ↗6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° | 13° | 9° |
| ↙3 | ↑3 | ↑7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. íþrótt
6. frá
8. þvottur
9. fax
11. umhverfis
12. bæ
14. drykkjarílát
16. fæddi
17. erta
18. máltíð
20. pfn.
21. auma

**LÓÐRÉTT**
1. afkvæmi húsdýrs
3. pot
4. reiðufé
5. fát
7. litur
10. andmæli
13. móða
15. pottréttur
16. bergmála
19. í röð



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. golf, 6. af, 8. tau, 9. mön, 11. um, 12. bless, 14. bikar, 16. ól, 17. ýfa, 18. mál, 20. ég, 21. arma.
**LÓÐRÉTT:** 1. lamb, 3. ot, 4. lausafé, 5. fum, 7. fölblár, 10. nei, 13. ský, 15. ragú, 16. óma, 19. lm.

### Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Hikaru Nakamura (2.787) hafði tapað 12 kappskákum gegn Magnusi Carlsen (2.855) án þess að svara fyrir sig. Það breyttist í fyrradag í Bilbao.

**21...dxe4! 22. f4 e6!** Carlsen yfirsást þessi laglegi varnarleikur. Svartur er sælu peði yfir. **23. c4 Hfd8 24. He1 Re8 25. Rc5 Rd6** og stöðuyfirburðir Nakamura dugðu til sigurs í 50 leikjum.

**www.skak.is:** Tvö ofurmót í gangi.






## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 2 | | | | 5 |
| | 8 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | | 9 | 6 | | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 7 | | | 4 | | 6 | |
| | 3 | | | 7 | | 9 | | |
| 4 | | 5 | | | | 7 | 2 | 3 |
| 7 | | | 8 | | 2 | | | 6 |
| 3 | | 4 | 5 | | | | | |
| | | 8 | 7 | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 6 | | 4 | | 1 | 5 |
| | | | | 9 | 5 | | | 7 |
| 2 | 4 | | 1 | | | | | |
| 7 | | | | | | 4 | | 8 |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 3 | 2 | | | | | | 9 | |
| 4 | | | 8 | | | 9 | | |
| | | | | 1 | | 8 | | |
| 8 | 3 | | | | 6 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | | | | | | | 5 |
| | 7 | | 5 | | 3 | | | |
| 2 | | 5 | | 8 | | 3 | | |
| 4 | | | | | | 2 | | |
| 5 | | 2 | | 9 | 6 | | | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 6 | | | 3 | 2 | 5 | 1 | |
| | | | | 4 | | 6 | | 8 |
| | | 4 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Tenerife
Kanarí
Mallorca
Almeria
Benidorm, Albír og Alicante
Komdu með okkur í sólina á frábæru verði!
MALLORCA
FRÁ: 134.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Sol Alcudia Center íbúð með einu svefnherbergi með öllu inniföldu. Verð 198.300 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 2. - 9. ágúst – 1 vika.
KANARÍ
FRÁ: 99.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Eugenia Victoria Tvíbýli með hálfu fæði. Verð 114.400 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 3. - 10. ágúst – 1 vika.
*Innifalið: Flug, flugvallaskattar, 20 kg taska, handfarangur, gisting og íslensk fararstjórn.
ALBÍR
FRÁ: 115.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Albir Playa tvíbýli með morgunverði. Verð 147.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 2. – 9. ágúst - 1 vika.
ALMERÍA
FRÁ: 79.900 KR.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Arena Center íbúð með einu svefnherbergi. Verð 99.900 kr. á mann m.v. tvo fullorðna.
Brottför: 11. - 18. ágúst – 1 vika.
KÍKTU Á SUMARFERDIR.IS OG BÓKAÐU ÞÍNA FERÐ Á FRÁBÆRU VERÐI. FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!
Kanarí brottfarir í ágúst 3., 10. 17. 24. & 31.
Mallorca brottfarir í ágúst 2., 9., 16., 23. & 30
Almería brottfarir í ágúst 4., 11., 18., & 25.
Benidorm, Albír & Alicante brottfarir í ágúst 2., 5., 9., 12., 16., 19., 23., 26., & 30.
Tenerife brottfarir í ágúst 6., 13., 20. & 27.
Gildir aðeins með nýjum bókunum
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
15. JÚLÍ 2016 FÖSTUDAGUR

# Spjalla saman um hinsegin bókmenntir

**Ásta Kristín Benediktsdóttir, íslensku- og bókmenntafræðingur, spjallar við kanadíska rithöfundinn Betsy Warland um nýjustu endurminningabók hennar, Oscar of between, auk þess sem þær munu ræða um gildi skriflegrar tjáningar fyrir hinsegin fólk og fleira.**

Í dag á Kaffislipp fer fram viðburðurinn Hinsegin bókmenntaspjall á vegum Reykjavíkur Bókmenntaborgar UNESCO – en á Kaffislipp fara reglulega fram bókmenntaviðburðir af ýmsum toga.

„Þetta er spjall þar sem ég og kanadíski rithöfundurinn Betsy Warland ætlum að ræða nýjustu bók hennar, Oscar of between, og hinsegin bókmenntir á Íslandi og í Kanada og hvaða gildi skrifleg tjáning hefur fyrir hinsegin fólk og reynslu þess,“ segir Ásta Kristín Benediktsdóttir, íslensku- og bókmenntafræðingur. Hún situr í stjórn Hinsegin daga í Reykjavík og ritstýrir tímariti hátíðarinnar. Ásta vinnur að doktorsritgerð um samkynja ástir og hómóerótík í verkum Elíasar Mar og er einn ritstjóra greinasafns um hinsegin sögu sem kemur út á næsta ári.

„Betsy er kanadískur rithöfundur af norskum ættum sem hefur gefið út 12 bækur, hefur verið mjög lengi með námskeið í skapandi skrifum og hefur unnið mikið með öðrum rithöfundum. Hún hefur skrifað bæði ljóðabækur og ritgerðir, hún hefur ritstýrt alls konar söfnum af ljóðum. Þessi bók hennar sem

**Hún hefur skrifað bæði ljóðabækur og ritgerðir, hún hefur ritstýrt alls konar söfnum af ljóðum.**

er að koma út núna er ekki hefðbundin endurminningabók heldur er skáldleg virkni í textanum – í þessari bók skrifar hún um sína reynslu af því að upplifa sig hvorki sem konu né karl heldur einhvers staðar þar á milli, það er að segja að finnast kynjahólfin ekki passa sér.“

Spjallið mun fara fram í dag klukkan 16.30 á Kaffislipp á Hótel Marina við Reykjavíkurhöfn. Það er frítt inn á þennan viðburð og allir eru að sjálfsögðu velkomnir. Athugið að dagskráin fer fram á ensku. **stefanthor@frettabladid.is**



Ásta Kristín Benediktsdóttir er íslensku- og bókmenntafræðingur sem vinnur að doktorsritgerð um samkynja ástir og hómóerótík í verkum Elíasar Mar. MYND/ÁSTA KRISTÍN BENEDIKTSDÓTTIR

---



✝

**Brynjúlfur Thorvaldsson**

er látinn. Útförin fer fram í Dómkirkjunni þriðjudaginn 19. júlí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Rúna Bína Sigtryggsdóttir**
**og aðstandendur.**

---



✝

Móðir okkar,

**Elísabet Björg Jónsdóttir**
**(Bettý)**

lést 21. júní 2016. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Edda Sverrisdóttir**
**Gústav Sverrisson**
**Sigurjón Smári Sverrisson**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eggert Gíslason**
skipstjóri, Kleppsvegi 78,

er látinn. Útför hans verður gerð frá Áskirkju í Reykjavík miðvikudaginn 20. júlí og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Soffía Margrét Eggertsdóttir** **Óskar Þór Sigurbjörnsson**
**Gísli Árni Eggertsson** **María Ingimarsdóttir**
**Hrefna Unnur Eggertsdóttir** **Kjartan Óskarsson**
**Ólafur Eggertsson** **Sigrún Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingunn Jónsdóttir**
frá Þingeyri við Dýrafjörð,

lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 12. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Kristján J. Ágústsson** **Ástrún Jónsdóttir**
**Jóhannes Ágústsson** **Kristjana Ingvarsdóttir**
**Guðrún L. Ágústsdóttir** **Njörður M. Jónsson**
**Ágúst Ágústsson** **Björg H. Eysteinsdóttir**
**Arnbjörg Ágústsdóttir** **Ólafur Ólafsson**
**Jónas Ágústsson** **Rannveig Hjaltadóttir**
**Kristjana Ágústsdóttir** **Guðmundur Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

**Tryggvi Ólafsson**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi, Stokkseyri, þann 12. júlí. Útför hans fer fram frá Fíladelfíu, Hátúni 2 í Reykjavík, mánudaginn 18. júlí, kl. 11.00.

**Sigríður Ásgeirsdóttir** **Gestur V. Bjarnason**
**Davíð Tryggvason**
**Anna Ólafsdóttir** **Pálmi Gunnarsson**
**Einar Ólafsson** **Solveig Vignisdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Höllu Þorbjörnsdóttur**
læknis, Úthlíð 6, Reykjavík.

**Karl Einarsson** **Kristín Bragadóttir**
**Páll Einarsson** **Linda Björk Jónsdóttir**
**Andrea Ösp Karlsdóttir**
**Berglind Ýr Karlsdóttir** **Eiríkur Heiðar Nilsson**
**Birkir Örn Karlsson**
**Diljá Halla Pálsdóttir**
**Alexander Orri Eiríksson**

---



✝

Elskulegur bróðir okkar, mágur og frændi,

**Agnar Ólafsson**
Borgarbraut 50, Borgarnesi,

er látinn. Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju, þriðjudaginn 19. júlí kl. 14.00.

**Kristján Ólafsson** **Ása Ólafsdóttir**
**Kristólína Ólafsdóttir** **Jón Benediktsson**
**og frændsystkini.**

---



✝

Elskuleg sambýliskona mín, móðir okkar og tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Jóhanna Magnea Jónsdóttir**
(Hanna)

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 24. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Magnús H. Gíslason**
**Kristinn Orri Erlendsson** **Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Kristín Erlendsdóttir** **Svanberg Ólafsson**
**Sigríður Erlendsdóttir** **Jón Friðjónsson**
**Ása Norðdahl**
**ömmubörn, langömmu- og langalangömmubörn.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og kærleika vegna andláts og útfarar

**Jóns Aðalsteins Jónssonar**
Nóna frá Hömrum,
Mýrarvegi 111, Akureyri.

**Elín Inga Jónasdóttir**
**Bryndís Arna**
**Hinrik Már**
**Friðrik Þór**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svanfríður Guðmundsdóttir**
Kringlunni 17, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 30. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. júlí klukkan 13.00.

**Gunnhildur Tryggvadóttir** **Guðbrandur R. Leósson**
**Haukur Tryggvason** **Hólmfríður Sigurðard.**
**Þorgerður Ása Tryggvadóttir** **Hólmsteinn Björnsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

# Gefðu fallegan lífsförunaut í brúðkaupsgjöf



Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is




GEORG JENSEN by Lassen Copenhagen HAY Joseph Joseph ROSENDAHL KÄHLER

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Austan 8-15 m/s og rigning í dag, hvassast syðst, en úrkomulítið fyrir norðan og vestan. Dregur úr vindi og úrkomu um kvöldið, en áfram strekkingur og rigning austanlands. Hiti 9 til 18 stig, hlýjast á Vesturlandi.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 15° | 12° | 10° |
| ↘ 3 | ← 7 | ← 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 9° | 13° | 14° |
| ↙ 5 | ↑ 2 | ↘ 2 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 11° | 15° |
| ↖ 7 | ↗ 8 | ↗ 6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° | 13° | 9° |
| ↙ 3 | ↑ 3 | ↑ 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. íþrótt
6. frá
8. þvottur
9. fax
11. umhverfis
12. bæ
14. drykkjarílát
16. fæddi
17. erta
18. máltíð
20. pfn.
21. auma

**LÓÐRÉTT**
1. afkvæmi húsdýrs
3. pot
4. reiðufé
5. fát
7. litur
10. andmæli
13. móða
15. pottréttur
16. bergmála
19. í röð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** mön, **11.** um, **12.** bless, **14.** bikar, **16.** ól, **17.** ýfa, **18.** mál, **20.** ég, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fölblár, **10.** nei, **13.** ský, **15.** ragú, **16.** óma, **19.** lm.

### Skák Gunnar Björnsson

Hikaru Nakamura (2.787) hafði tapað 12 kappskákum gegn Magnusi Carlsen (2.855) án þess að svara fyrir sig. Það breyttist í fyrradag í Bilbao.

**21...dxe4! 22. f4 e6!** Carlsen yfirsást þessi laglegi varnarleikur. Svartur er sælu peði yfir. **23. c4 Hfd8 24. He1 Re8 25. Rc5 Rd6** og stöðuyfirburðir Nakamura dugðu til sigurs í 50 leikjum.

**www.skak.is:** Tvö ofurmót í gangi.

**Svartur á leik**



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 2 | | | | 5 |
| | 8 | | | | | 3 | | |
| | | 2 | | 9 | 6 | | 4 | 1 |
| 2 | 1 | 7 | | | 4 | | 6 | |
| | 3 | | | 7 | | 9 | | |
| 4 | | 5 | | | | 7 | 2 | 3 |
| 7 | | | 8 | | 2 | | | 6 |
| 3 | | 4 | 5 | | | | | |
| | | 8 | 7 | 6 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | 6 | | 4 | | 1 | 5 |
| | | | | 9 | 5 | | | 7 |
| 2 | 4 | | 1 | | | | | |
| 7 | | | | | | 4 | | 8 |
| | | 9 | | 7 | | | | |
| 3 | 2 | | | | | | 9 | |
| 4 | | | 8 | | | 9 | | |
| | | | | 1 | | 8 | | |
| 8 | 3 | | | | 6 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | | | | | | | 5 |
| | 7 | | 5 | | 3 | | | |
| 2 | | 5 | | 8 | | 3 | | |
| 4 | | | | | | 2 | | |
| 5 | | 2 | | 9 | 6 | | | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 6 | | | 3 | 2 | 5 | 1 | |
| | | | | 4 | | 6 | | 8 |
| | | 4 | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 7 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 2 | 8 | 7 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 3 | 5 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 7 | 5 | 4 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 | 9 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 7 | 4 | 5 | 8 |
| 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 3 | 9 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 | 6 |
| 6 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 1 | 8 | 9 | 5 | 6 | 4 | 3 |
| 5 | 6 | 3 | 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 9 | 3 | 7 | 6 | 5 | 1 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 4 | 8 | 2 | 6 | 9 | 3 | 7 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 4 | 7 | 5 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 6 | 5 | 1 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 2 | 8 | 9 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 6 | 5 | 3 | 1 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 7 | 6 | 3 | 9 | 8 | 1 | 2 | 5 | 4 |






## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

# INTERNATIONAL CHAMPIONS CUP

2 SPORT

Stærstu knattspyrnulið heims á Stöð 2 Sport. International Champions Cup fer fram 22. júlí til 13. ágúst og það verður ekkert gefið eftir. Öll bestu knattspyrnulið heims taka þátt í mótinu og hita upp fyrir komandi tímabil.

365.is | Sími 1817

365











# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 15. JÚLÍ 2016


Það er ýmislegt um að vera í tónlistarhúsinu Hörpu í júlí.

### Opnanir

**Hvað?** Brölt barnanna
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bryggjusalur, Edinborgarhúsinu
Pétur Guðmundsson opnar sýningu á um það bil 30 myndum þar sem leikir og annað brölt barna er sett með blandaðri tækni á ljósmyndir af ýmsum stöðum á Ísafirði. Myndirnar koma flestar frá Púka Vestfjörð og er verkefnið styrkt af Uppbyggingarsjóði Vestfjarða. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Hringrás / Rotation
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** BERG Contemporary, Klapparstígur 16
Opnun sýningarinnar Hringrásar í Berrg Contemporary. Listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Ásgeir Skúlason, Kjartan Ari Pétursson, Sindri Leifsson, Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Veronika Geiger.

### Hátíðir

**Hvað?** Húnavaka
**Hvenær?** 08.00
**Hvar?** Blönduós
Hin árlega bæjarhátíð Blönduóss fer fram um helgina. Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar um hátíðina má nálgast á Facebook-síðu Húnavöku.

**Hvað?** Miðaldadagar á Gásum
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Gásir
Líf og starf fólks sem bjó í Gásakaupstað miðalda er endurvakið á hátíðinni Miðaldadagar á Gásum. Ýmiss konar viðburðir og alls kyns athafnir frá miðöldum endurvaktar. Hátíðin er nú haldin í þrettánda sinn og stendur yfir til næstkomandi sunnudags. Aðgangseyrir er 1.500 krónur fyrir fullorðna, fyrir fimmtán ára og yngri 750 og fyrir börn minni en miðaldasverð er frítt. Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni gasir.is.

### Uppákomur

**Hvað?** Hinsegin bókmenntaspjall
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Kaffislippur, Hotel Marina
Kanadíski rithöfundurinn Betsy Warland og bókmenntafræðingurinn Ásta Kristín Benediktsdóttir ræða um kanadískar og íslenskar hinsegin bókmenntir. Meðal annars munu þær spjalla um tilurð sjálfsævisögulegrar bókar Betsyar, Oscar of Between – A Memoir of Identity and Ideas. Einnig verða reifaðar spurningar um hvernig og hvers vegna skrifleg tjáning getur verið sérlega mikilvæg fyrir hinsegin fólk, líðan þess og sjálfsmynd. Það er Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO sem stendur fyrir dagskránni og fer hún fram á ensku. Allir velkomnir.

**Hvað?** K K KULT: Moulin Rouge! Sing-A-Long
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagata 22
Sing-a-long sýning með söngvamyndinni Moulin Rouge sem flestir ættu að muna eftir. Það er vel séð ef áhugasamir mæta í búningum. Verðlaun veitt fyrir besta búninginn. Eftir ókeypis en aðeins fyrir 20 ára og eldri.

**Hvað?** Þjóðhátíðar Bingó
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Ölstofa Hafnarfjarðar, Reykjavíkurvegur 60
Sérlegt Þjóðhátíðarbingó á Ölstofu Hafnarfjarðar í dag. Glæsileg vinningaskrá og í aðalvinning verða miðar á Þjóðhátíð í Eyjum. Eftir Bingóið tekur Hreimur Örn Heimisson við og leikur ljúfa tóna.

**Hvað?** Græna herbergið
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu 6a
Jógvan Hansen og Vignir Snær leika og syngja eins og þeim einum er lagið. Eftir miðnætti tekur plötusnúðurinn Siggi Gunnars við og heldur stuðinu uppi.

### Tónlist

**Hvað?** Ventus Brass í Listasafni Reykjavíkur
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Lokatónleikar Ventus Brass fara fram í Listasafni Reykjavíkur. Efnt er til tvennra tónleika og fara þeir fyrri fram í dag í Hafnarhúsinu en hinir seinni næstkomandi þriðjudag á Kjarvalsstöðum. Flutt verða lög og verk ef öllu tagi og frumflutt verður brassópera eftir Jón Arnar Einarsson.

**Hvað?** Reykjavík Classics
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** Eldborg, Hörpu
Ný tónleikaröð í Hörpu sem miðast við að uppfylla vaxandi þörf fyrir menningartengda afþreyingu meðal erlendra ferðamanna sérstaklega þeirra sem vilja hlýða á klassíska tónlist. Á efnisskránni verða klassísk meistaraverk en listrænn stjórnandi er Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Miðaverð er 3.500 krónur.

**Hvað?** Nicolas Kunysz
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgata 2
Belgísi listamaðurinn Nicolas Kunysz hefur verið búsettur á Íslandi í nokkur ár og starfað sem tónlistarmaður, hönnuður og er annar af stofnendum útgáfunnar Lady Boy Records. Hann leikur tónlist í Mengi í kvöld en tónlist hans fléttast úr vettvangsljóðritun héðan og þaðan, rafhljóðum, ólíkum hljóðfærum og spannar hljóðvefurinn mikla breidd lágtíðni og fingerð blæbrigði, ærandi drunur og allt þar á milli. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Hjálmar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagata 22
Reggíhljómsveitin Hjálmar fagnar sumrinu og efnir til tónleika á skemmtistaðnum Húrra. Miðaverð er 3.500 krónur.

### Sýningar

**Hvað?** Íslenska teiknibókin
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Flói, Hörpu
Íslenska teiknibókin er unnin af fjórum óþekktum listamönnum á tímabilinu 1330-1500 og er einstæð meðal íslenskra miðaldahandrita og ein af fáum fyrirmyndabókum sem varðveist hafa í Vestur-Evrópu. Sýning er á öllum fyrirmyndum bókarinnar með útskýringum auk eftirgerða á skinn af nokkrum blöðum handritsins. Sýningarstjóri er Guðbjörg Kristjánsdóttir listfræðingur en hún hefur rannsakað verkið um áratugaskeið. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Icelandic Sagas: The Greatest Hits
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norðurljós, Harpa
Íslendingasögurnar eru reifaðar fyrir áhorfendum á ensku. Sýningin stendur yfir í 75 mínútur og eru áhorfendur leiddir í sannleikann um hvernig maður fær konu sína til að hætta að drepa þræla nágrannanna, hvernig skuli bregðast við þegar manni er sagt að stanga rassagarnarenda merarinnar úr tönnum og margt fleira. Miðaverð er 4.900 krónur.

### Ljósmyndun

**Hvað?** Bowie – The Session
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Hörpu
Ljósmyndasýningin Bowie – The Session eftir ljósmyndarann Gavin Evans stendur nú yfir á 4. hæð Esju í Hörpu. Gavin hefur myndað fjölda þekktra andlita á ferlinum. Sýningin var opnuð fyrst í febrúar í Berlín og mun ferðast vítt og breitt um heiminn á árinu. Miðaverð er 1.500 krónur.

**Hvað?** Þögul leiftur – ljósmyndasýning Vesturfarasetursins
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Esja, Hörpu
Ljósmyndasýningin Þögul leiftur stendur nú yfir á þriðju hæð Esju í Hörpu. Á sýningunni eru nærri 400 ljósmyndir af íslenskum landnemum eftir Nelson Gerrard. Flestar myndirnar eru teknar af Íslendingum eða afkomendum þeirra og sýna ljósmyndun vel verklag við ljósmyndun á þessum tíma og ýmsa áhugaverða hluti og muni sem fólk átti til. Miðaverð er 1.500 krónur.


Hljómsveitin Hjálmar með Sigurð Guðmundsson í fararbroddi spilar á skemmtistaðnum Húrra í kvöld.

# NJÓTUM SUMARSINS

## ALLAR BEYGLUR Á 399 KR. STK.



Rjómaostur



Sulta og rjómaostur



Kalkúnabringa



Lax og rjómaostur



Beikon, egg og ostur



Naut, skinka og BBQ



Kjúklingur og beikon



Hráskinka



Caprese-salat

Byrjaðu daginn á Dunkin' Donuts. Opið frá kl. 07–22 á Laugavegi og í Hagasmára. Opnunartíma í Kringlunni má finna á **dunkindonuts.is.**

Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9

DUNKIN' DONUTS®




2

**NETTIR KETTIR**

Stórskemmtilegur spurningaþáttur um popptónlist þar sem íslenskt tónlistarfólk spreytir sig á alls konar spurningum um allt milli himins og jarðar úr tónlistarheiminum. Þáttarstjórnandi er **Hreimur Heimisson**

FRÁBÆRT
**FÖSTUDAGSKVÖLD**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**365**

2

**INGENIOUS**

Sönn saga tveggja vina, uppfinningamanns og sölumanns sem dreymdi um að slá í gegn með nýju hjálpartæki og ákváðu að leggja allt í sölurnar.






2

**CHAPPIE**

Hörkuspennandi framtíðarmynd um vélmenni sem sinna löggæslu og fylgja skipunum yfirvalda út í hörgul nema Chappie sem var forritaður sem mannlegt vélmenni og tekur eigin ákvarðanir. Aðalhlutverk leika þau Sigourney Weaver og Hugh Jackman.

b

**FROST/NIXON**

Verðlaunamynd sem segir frá því þegar hinn metnaðarfulli sjónvarpsmaður David Frost fékk að taka viðtal við Richard Nixon, fyrrverandi Bandaríkjaforseta.




3

**NCIS: NEW ORLEANS**

Spennuþættir um sérstaka starfsmenn sem rannsaka alvarlega glæpi sem tengjast sjóhernum eða strandgæslunni á einn eða annan hátt.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** **365.is**


# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan
**07.20** Litlu Tommi og Jenni
**07.45** Kalli kanína og félagar
**08.05** The Middle
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** First Dates
**11.05** Grand Designs
**11.50** Restaurant Startup
**12.35** Nágrannar
**13.00** Sumar og grillréttir Eyþórs
**13.40** Labor Day
**15.30** Robin Hood Men in Tights
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Friends Monica fer yfir gestalistann fyrir brúðkaupið og kemst að því að Chandler hefur ekki boðið „föður“ sínum. Hún ákveður að reyna hvað hún getur að koma á sáttum milli þeirra. Rachel lendir í brjáluðum eltingarleik við lögregluna og Joey reynir að sanna karlmennsku sína fyrir Phoebe. Gestaleikari þáttarins er engin önnur en Kathleen Turner sem fer með hlutverk föður Chandlers.
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.50** Íþróttir
**19.10** Impractical Jokers
**19.30** Nettir kettir Nýr og stórskemmtilegur spurningaþáttur um popptónlist þar sem íslenskt tónlistarfólk spreytir sig á alls konar spurningum um allt milli himins og jarðar úr tónlistarheiminum. Þáttarstjórnandi er Hreimur Heimisson.
**20.20** Ingenious
**21.50** Chappie
**23.50** First Response
**01.20** Jarhead 2. Field of Fire Hasarmynd frá árinu 2014 sem fjallar um liðþjálfann Chris Merrimette sem ásamt föruneyti sínu þarf með hugrekki og þrautseigju að bjarga afganskri konu sem talíbanarnir vilja dauða.
**03.00** 16 Blocks Hörkuspennandi hasarmynd þar sem saman koma stjarnan úr Die-Hard og leikstjóri Leathal Weapon-myndanna, Richard Donner. Willis leikur miðaldra óreglusama löggu sem fær það hvimleiða verkefni að fylgja óþolandi og símasandi vitni úr varðhaldi í dómshúsið. Það sem í fyrstu virðist auðleyst verkefni verður brátt hið erfiðasta þegar reynt er að koma í veg fyrir að vitnið komist á leiðarenda.
**04.40** Robin Hood Men in Tights



**Jarhead 2 Fields of fire 01.20**

## SPORT

**10.40** Valur - Selfoss
**12.20** Goðsagnir - Ragnar Margeirsson
**12.55** FH - Víkingur Reykjavík
**14.45** Pepsímörkin
**16.20** Leiknir R. - Leiknir F.
**18.00** Demantamótaröðin - Mónakó
**20.00** Markaþáttur Pepsí deildar kvenna
**20.45** Goðsagnir - Pétur Ormslev
**21.20** Demantamótaröðin - Mónakó
**23.20** NBA - Shaqtin' a Fool
**23.45** Box. Kovalev vs. Chilemba

## STÖÐ 3

**17.35** Raising Hope
**18.00** The Big Bang Theory
**18.25** Modern Family
**18.50** Fóstbræður
**19.25** Entourage
**19.55** Svínasúpan
**20.20** Lip Sync Battle
**20.45** NCIS. New Orleans
**21.30** Treme
**22.30** Supernatural
**23.15** Sons of Anarchy
**00.35** Fóstbræður
**01.10** Entourage
**01.40** Svínasúpan
**02.05** Lip Sync Battle
**02.30** NCIS. New Orleans
**03.15** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Ævintýraferðin
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Ofurhundurinn Krypto
**09.25** Lína langsokkur
**09.48** Hvellur keppnisbíll
**10.00** Kalli á þakinu
**10.25** Strumparnir
**10.47** Stóri og litli
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Ævintýraferðin
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Ofurhundurinn Krypto
**13.25** Lína langsokkur
**13.48** Hvellur keppnisbíll
**14.00** Kalli á þakinu
**14.22** Strumparnir
**14.44** Stóri og litli
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Ævintýraferðin
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Ofurhundurinn Krypto
**17.25** Lína langsokkur
**17.48** Hvellur keppnisbíll
**18.00** Kalli á þakinu
**18.22** Strumparnir
**18.44** Stóri og litli
**19.00** Lína langsokkur á ferð og flugi



**Könnuðurinn Dóra kl. 07.00, 11.00 og 15.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** The Open Championship
**19.00** The Open Championship

## BÍÓSTÖÐIN

**11.10** Home Run
**13.05** In My Dreams
**14.40** The Secret Life Of Walter Mitty
**16.35** Home Run
**18.30** In My Dreams
**20.05** The Secret Life Of Walter Mitty Ævintýraleg gamanmynd frá 2014 með Ben Stiller sem er bæði leikstjóri myndarinnar og fer með aðalhlutverkið. Myndin er endurgerð samnefndrar myndar frá árinu 1947. Walter vinnur á ljósmyndadeild tímaritsins Life, en á það til að flýja hinn hversdagslega raunveruleika inn í dagdrauma þar sem hann er hetjan sem allt getur.
**22.00** Frost/Nixon Verðlaunamynd sem segir frá sönnum atburðum ársins 1977, en hinn ungi og metnaðarfulli sjónvarpsmaður David Frost fékk tækifæri lífs síns þegar sjálfur Richard Nixon, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, samþykkti að veita Frost viðtal, þar sem hann myndi tala um umdeild ár sín í forsetaembætti.
**00.05** Baggage Claim
**01.40** Puncture
**03.20** Frost/Nixon

## RÚV

**16.20** Popp- og rokksaga Íslands
**17.20** Ekki bara leikur
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Hundalíf
**18.03** Pósturinn Páll
**18.18** Lundaklettur
**18.26** Gulljakkinn
**18.28** Drekar
**18.50** Öldin hennar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps
**20.00** Popppunktur
**21.05** Miranda
**21.40** Skarpsýn skötuhjú
**22.35** Vínviðarblóð – Eðalveigar
**00.10** Charlie St. Cloud
**01.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Rules of Engagement
**08.20** Dr. Phil
**09.00** America's Next Top Model
**09.45** Hotel Hell
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**11.35** The Biggest Loser - Ísland
**12.25** Dr. Phil
**13.05** EM 2016 í Frakklandi
**13.55** BrainDead
**14.40** Jane the Virgin
**15.25** The Millers
**15.50** The Good Wife
**16.35** The Tonight Show
**17.15** The Late Late Show
**17.55** Dr. Phil
**18.35** Everybody Loves Raymond
**18.55** King of Queens
**19.20** How I Met Your Mother
**19.45** Korter í kvöldmat
**19.50** America's Funniest Home Videos
**20.15** American Dreamz
**22.05** Second Chance
**22.50** The Tonight Show
**23.30** The Late Late Show
**00.10** Prison Break
**00.55** Code Black
**01.40** Penny Dreadful
**02.25** House of Lies
**02.55** Second Chance
**03.40** The Tonight Show
**04.20** The Late Late Show
**05.00** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


ÚTSALA
30-70%
AFSLÁTTUR AF ALLSKONAR VÖRUM
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is




# KJÚKLINGAVÆNGIR

## V-laga, tilbúnir á grillið eða í ofninn

Fulleldaðir, þarf aðeins að hita, 4 tegundir af sósum

SWEET BABY RAY'S GOURMET SAUCES

·Sweet Baby Ray´s BBQ
HOT ·Sweet Baby Ray´s Buffaló

Kaldi ÁRSKÓGSSANDUR

·Kaldi BBQ
·Kaldi rótarbjórs BBQ

Gildir til 17. júlí á meðan birgðir endast.




99 kr/stk

69 kr/stk

**Orkudrykkir**
Öskrandi orka.

TILBOÐ 15% afsláttur á kassa




**Frón hrökkkex**
Sykurlaust, gott í ferðalagið.




**Terra snakk**
Ekta grænmetisflögur.




**Trítlar**
Sætir og góðir saman.




**BBQ sykurpúðar**
Ómissandi í ferðalagið.




**Dekraðu við gestina í grillveislunni**
Einstakt BBQ-reykbragð fyrir alla grillrétti. Veljið á milli nokkurra reykblanda í handhægum reykbökkum - tilbúið til notkunar á grillinu.




Santa Maria

# SANTA MARIA KRYDDKVARNIR

Ferskara krydd - nýmalað.

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg













## FRÁBÆRT VERÐ Í HAGKAUP!

**HAGKAUP SKILAR TIL VIÐSKIPTAVINA**
Ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kvóta til innflutnings á nautakjöti.










HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Agent Fresco hitar upp fyrir Muse

Hljómsveitin Muse spilar í Laugardalshöllinni í ágúst og mun Agent Fresco hita upp.

Við höfum allir á einhverjum tímapunkti í lífi okkar fílað Muse, það er ein besta tilfinningin að hita upp fyrir hljómsveit sem maður ber mikla virðingu fyrir og hefur haft mikil áhrif á mann – það er ekki spurning að Muse hefur haft áhrif á okkur,“ segir Arnór Dan, söngvari Agent Fresco, um tilfinninguna að hita upp fyrir stórsveitina Muse í Laugardalshöllinni 6. ágúst.

„Ég veit að við í Agent Fresco getum gert svo ótrúlega margt en á sama tíma er ég svo þakklátur fyrir öll tækifæri og það að fólk nenni að hlusta á okkur – það að hita upp fyrir Muse það er bara stórkostlegt. Ég fæ „flashback“ síðan ég var í menntaskóla og í koverbandi þar sem við koveruðum Deftones og Muse. Þetta er því algjör draumur – við erum auðvitað þakklátir fyrir þetta tækifæri til að sanna okkur.

Við vitum að þetta er út af því að við erum búnir að spila stanslaust síðustu árin og við gefum áhorfendum alltaf eitthvað, hvort sem þeir fíla okkur eða ekki – hvort sem það er tilfinningarnar, textarnir, hljóðfæraleikurinn eða hversu agressívir við erum læf. Eins og landsliðið þá förum við ekki bara til að vera með, við ætlum að gefa fólki sem mætir á Muse frábært sjóv.“ **stefanthor@frettabladid.is**



**Agent Fresco fékk gríðarlega góða dóma fyrir tónleika sína hjá The Independent nú á dögunum.** MYND/JAMES LANG

ÚTSÖLULOK!
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA, AKUREYRI OG SELFOSSI
30% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
70% AFSLÁTTUR
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT®

THULE® SWEDEN

# Ferðabox




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is













**Unnar Helgi vonar að sjálfsögðu að Kaninn taki vel í blómkálsbotninn. Það var í gegnum einn af kúnnum Unnars Helga hjá fyrirtækinu Reykjavík Rocks sem útrásin hófst.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ljótar pitsur á leið til Bandaríkjanna

Pitsustaðurinn Ugly mun síðar á árinu opna sinn fyrsta stað í Portland í Oregon. Stefnan er svo sett á að opna fleiri staði, bæði hér og í Bandaríkjunum, auk þess að hefja framleiðslu á blómkálsbotnum.

Við byrjum á einum og þeir stefna á að vera búnir að opna 30 um mitt næsta ár. Þeir ætla að byrja á að opna í Portland í Oregon,“ segir allskonarmaðurinn Unnar Helgi Daníelsson um útrás pitsustaðarins Ugly.

Auk pitsustaðarins á Unnar og rekur skemmtistaðinn Dúfnahóla 10 ásamt Arnari Finni Arnarsyni og á einnig fyrirtækið Reykjavík Rocks.

Reykjavík Rocks sérhæfir sig í að skemmta útlendingum, sem vill til að eru oft vel stæðir, og var það einmitt í gegnum fyrirtækið sem Unnar komst í kynni við Taylor Sause sem ólmur vill Ugly til Bandaríkjanna.

Fyrir þá sem ekki vita þá er sérstaða pitsustaðarins Ugly fólgin í áður óþekktri fjölbreytni í pitsubotnum en boðið er upp á blómkáls- og kjötbotna auk hefðbundnari deig- og speltbotna.

Var það kannski blómkálsbotninn sem náði athygli Bandaríkjamannsins.

„Hann var kúnni hjá mér í gegnum Reykjavík Rocks og kom bara hingað sem ferðamaður. Þannig kynntist ég honum. Svo var hann forvitinn um hvað ég var að gera og ég fór að útskýra fyrir honum þessa blómkálsbotna,“ segir Unnar og heldur áfram að útskýra hvernig útrásin kom til: „Svo kom hann og skoðaði þetta fyrir tveimur mánuðum. Síðan þá hefur þetta bara gerst ótrúlega hratt.“

> **OFTAST TEKUR MAÐUR ÖLLU MEÐ FYRIRVARA, ÞEGAR FÓLK ER SVONA AÐ SEGJA HITT OG ÞETTA. SÉRSTAKLEGA AMERÍKANAR. EN SVO ER ÞETTA BARA „FOR REAL“. ÉG FER ÚT EFTIR TVO MÁNUÐI OG HJÁLPA ÞEIM AÐ OPNA FYRSTA STAÐINN.**

Ekki er langt síðan Ugly var opnaður, en tveir staðir eru starfræktir á höfuðborgarsvæðinu; í Kópavogi og Grafarvogi. Stefnan er svo sett á að opna þriðja staðinn hér á landi á þessu ári en sá verður í Hafnarfirði. En á mánudaginn mun staðurinn einnig hefja samstarf sitt við kleinuhringjavagninn Dons Donuts. Stefnt er að opnun í Portland í byrjun október í gömlu verslunarhúsnæði sem breytt verður í veitingastað.

Unnar Helgi er að vonum stoltur af árangrinum og hlakkar til komandi tíma. „Oftast tekur maður öllu með fyrirvara, þegar fólk er svona að segja hitt og þetta. Sérstaklega Ameríkanar. En svo er þetta bara „for real“. Ég fer út eftir tvo mánuði og hjálpa þeim að opna fyrsta staðinn,“ segir hann spenntur og segir að stefnan hafi alltaf verið sett á að gera Ugly að keðju.

Konsept staðarins mun að sögn eigandans haldast óbreytt en boðið verði upp á nýja vöru þarna ytra sem hann segir að sjokkera muni Íslendinga. „Ég veit ekki alveg hvort ég vil segja frá því strax. Þetta er alveg nýtt hjá okkur og nýtt alls staðar og er kannski svolítið viðkvæmt fyrir marga,“ segir hann dularfullur þegar hann er inntur eftir því um hvaða nýjung er að ræða.

Auk veitingastaðarins verða blómkálsbotnar framleiddir í auknu magni og seldir í heilsumatvöruverslunum.

„Við erum að stefna á að gera það á Íslandi líka svo fólk geti búið til blómkálspitsu heima hjá sér án þess að þurfa að eyða hellingstíma í það,“ segir Unnar Helgi og bætir við að samkvæmt hans vitneskju verði þeir fyrstir allra í heiminum til þess að framleiða blómkálsbotna til sölu. „Ég er búinn að vera að skoða markaðinn vel, sá ekkert svona og hugsaði bara: Já, ókei, þarna er ég með eitthvað.“

gydaloa@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

HÚSASMIÐJAN blómaval

Gerðu betri kaup á útsölu
Blómavals og Húsasmiðjunnar

# ÚTSALA BLÓMAVALS

# 20-50% afsláttur

- Sumarblóm: **20-40%**
- Trjáplöntur og runnar: **50%**
- Fjölærar plöntur: **20%**
- Garðstyttur: **30%**
- Garðálfar: **30%**
- Útipottar og svalaker: **30%**



% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40 ... 0% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50% - 40%



## Aðeins
**8 dagar eftir**
Gildir til 23. júlí

21X95 mm
Verð frá
**166 kr/lm***
~~185 kr/lm~~
621600
Öll tilboð miðast við 4,5 m og styttra.

# ÚTSALA Á PALLAEFNI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Hildar Björnsdóttur




## Fordómar í fermingu

Ég var stödd í fermingarveislu. Hann vatt sér upp að mér og hvíslaði lágum rómi: „Sérðu konuna þarna? Þú veist að hún er með geðhvarfasýki?“ Undirtónninn uppfullur af fordómum og ummælin viðhöfð í æsifréttastíl. Ég svaraði um hæl: „Sérðu manninn þarna? Þú veist að hann er með nýrnasteina?“

Ég set mig ekki á háan hest. Annan dag undir öðrum kringumstæðum hefði tilsvar mitt kannski verið annað. Ég hefði kannski tekið undir fordómana. Ég hefði kannski sýnt sögunni áhuga. En þennan dag undir þessum kringumstæðum blasti fáránleikinn við mér.

Fordómar í garð geðsjúkra eru gamalþekkt fyrirbæri. Um geðsjúkdóma eru notuð fjölmörg hversdagsleg skammaryrði og mýmörg niðrandi ummæli. Þrátt fyrir mikla umræðu og aukinn skilning virðast fordómarnir enn flögra í umræðunni.

Undanliðna áratugi hefur skilningur á eðli geðsjúkdóma stóraukist. Fjölmörg árangursrík úrræði standa til boða og meðferðarmöguleikarnir eru margir. Gjarnan má því engan mun finna á geðsjúkdómum og öðrum sjúkdómum – að lokinni greiningu má finna viðeigandi meðferð eða lækningu. Sjúklingarnir verða aftur eins og venjulegt fólk – með öllum sínum kostum og göllum.

Við höfum náð gríðarlegum árangri í umræðu og uppfræðslu um geðsjúkdóma, en umræðan verður að halda áfram. Fáfræðina verður að uppræta. Fordómunum verður að eyða.

Fermingarveislur eru ekki vettvangur til yfirferðar á heilsufarssögu boðsgesta. Almennt hefur enginn áhuga á kíghósta móðurömmunnar eða nýrnasteinum náfrændans. Að sama skapi ætti gömul saga geðsjúkdóma ekki að sæta tíðindum. Njótum bara brauðtertunnar og hættum þessum kjaftagangi.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

Endalaust 365
NET
1.000 KR.*
ÓTAKMARKAÐ GAGNAMAGN
* Fylgir með völdum tilboðspökkum. Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is
1817 | 365.is

SUMAR ÚTSALA





KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR





FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is
Betra BAK